

BÍÓ

298 tbl. nóvember 2018

MYNDIR

mánaðarins

ILLUMINATION KYNIR

GRINCH



# TYGGÐU EXTRA TIL GÓÐRA VERKA

MEÐ ÞVÍ AÐ TYGGJA EXTRA STYÐUR ÞÚ SOS BARNAPORPIN  
TIL BÆTTRAR TANNHEILSU BARNA Í GHANA OG BOTSWANA



Í SAMSTARFI VIÐ



**SOS  
BARNAPORPIN**  
Öll börn vilja gott heimili

Í OKTÓBER OG NÓVEMBER 2018

# VENJULEGT FÓLK



## HVAÐ ER HÆGT AÐ REYNA MIKIÐ Á SANNA VINÁTTU?

Gamansöm þáttaröð um dramað sem fylgir lífsgæðakapplaupi tveggja vinkvenna. Að upplifa frægð og frama er ekki bara dans á rósum heldur hefur það ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir þær, fjölskyldu og vini.

Öll þáttaröðin er væntanleg í **Sjónvarp Símans Premium** þann 2. nóvember.

## Útgefið í nóvember

### BluRay og DVD

1.11.	Össi	Myndform	Teiknimynd	Leyfð	13
8.11.	The Spy Who Dumped Me	Myndform	Gamanmynd	16 ára	16
8.11.	Hótel Transylvanía	Sena	Teiknimynd	Leyfð	15
15.11.	Björgum sveinka	Myndform	Teiknimynd	Leyfð	21
15.11.	Skyscraper	Myndform	Spenna/hasar	12 ára	23
15.11.	Mile 22	Myndform	Spenna/hasar	16 ára	24
15.11.	A Bad Moms Christmas	Myndform	Gamanmynd	12 ára	26
22.11.	Mamma Mia! Here We Go Again	Myndform	Gaman/tónlist	Leyfð	30
23.11.	Grænuvellir: Sjúklegt svínari	Myndform	Teiknimynd	6 ára	32
29.11.	Bangsi og dóttir nornarinnar	Myndform	Teiknimynd	Leyfð	36

### VOD

1.11.	Love, Simon	S & V	Gaman/rómantik	12 ára	10
2.11.	The Lennon Report	Myndform	Sannsógulegt	12 ára	12
2.11.	Alvinn!!! og ikornarnir	Myndform	Barnaefni	Leyfð	12
2.11.	Drifter	Myndform	Spenna/tryllir	16 ára	13
5.11.	Ocean's 8	S & V	Glæpagrín/flétta	6 ára	14
8.11.	Hótel Transylvanía	Sena	Teiknimynd	Leyfð	15
8.11.	The Spy Who Dumped Me	Myndform	Gamanmynd	16 ára	16
8.11.	Leave No Trace	Sena	Drama	9 ára	17
9.11.	Nils Holgersson	Myndform	Barnaefni	Leyfð	17
9.11.	Whitney	Myndform	Heimildarmynd	12 ára	18
9.11.	Chloe & Theo	Myndform	Gamandrama	12 ára	19
9.11.	Almost Friends	Myndform	Gaman/rómantik	Leyfð	19
12.11.	Tag	S & V	Gamanmynd	12 ára	20
12.11.	Breaking In	Vodafone	Spennumynd	16 ára	21
15.11.	Björgum sveinka	Myndform	Teiknimynd	Leyfð	21
15.11.	Ant-Man and the Wasp	S & V	Spenna/rómantik	12 ára	22
15.11.	Skyscraper	Vodafone	Ofurhetjur	12 ára	23
15.11.	The Equalizer 2	Sena	Spennumynd	16 ára	25
15.11.	Mile 22	Myndform	Spenna/hasar	16 ára	24
15.11.	A Bad Moms Christmas	Myndform	Gamanmynd	12 ára	26
15.11.	An Elephant Journey	Sena	Fjölskyldumynd	Leyfð	27
16.11.	Bad Frank	Myndform	Spennumynd	16 ára	27
16.11.	Chick Lit	Myndform	Gamanmynd	12 ára	28
22.11.	What They Had	Sena	Drama	12 ára	28
22.11.	American Chaos	Sena	Heimildarmynd	12 ára	29
22.11.	55 Steps	Sena	Sannsógulegt	12 ára	29
22.11.	Mamma Mia! Here We Go Again	Vodafone	Gaman/tónlist	Leyfð	30
23.11.	Grænuvellir: Sjúklegt svínari	Myndform	Teiknimynd	6 ára	32
23.11.	Elías	Myndform	Barnaefni	Leyfð	32
23.11.	The Sex Trip	Myndform	Gamanmynd	16 ára	33
23.11.	The Persian Connection	Myndform	Spenna/hasar	16 ára	33
23.11.	Me You and Five Bucks	Myndform	Gaman/rómantik	Leyfð	34
29.11.	Madonna and the Breakfast Club	Sena	Leikin heimildarm.	Leyfð	34
28.11.	Mission: Impossible – Fallout	S & V	Spenna/hasar	12 ára	35
29.11.	Bangsi og dóttir nornarinnar	Myndform	Teiknimynd	Leyfð	36
29.11.	Úlfundurinn	Sena	Teiknimynd	Leyfð	36
29.11.	Superfly	Sena	Spenna/hasar	16 ára	38
30.11.	The Perfect Christmas Present	Myndform	Rómantik/jólam.	Leyfð	38
30.11.	June, Adrift	Myndform	Gamandrama	12 ára	39
30.11.	Love Me True	Myndform	Gaman/farsi	12 ára	39

### Tölvuleikir

Kominn	Just Dance 2019	Myndform	Dansleikur	L	44
2.11.	Football Manager 2019	Sena	Fótboltaleikur	3+	44
13.11.	Spyro Trilogy Reignited	Sena	Ævintýraleikur	7+	45
14.11.	Knowledge is Power: Decades	Sena	Spurningaleikur	3+	45
14.11.	Chimparty	Sena	Partíleikur	3+	46
16.11.	The Golf Club 2019	Sena	Golfleikur	3+	46
20.11.	Battlefield V	Sena	Skotleikur	16+	47

## MYNDIR MÁNAÐARINS

298. tbl. nóvember 2018

Útgefandi: Myndir mán. ehf., Trónuhrauni 1, 220 Hafnarfirði, sími 534-0417

Heimasíða: www.myndirmanadarins.is

Ábyrgðarmaður: Stefán Unnarsson / myndmark@islandia.is

Texti / Umbrot: Bergur Ísleifsson

Próförk: Veturlíði Óskarsson

Prentun / Bókband: Ísafoldarprentsmiðja

Upplag: 20.000 eintök

MYNDFORM

# SAMSUNG



# QLED 8K

Samsung QLED is Quantum dot based TV

## Fullkominn veruleiki

Tækin, sem eru væntanleg í nóvember í takmörkuðu magni, eru í forsölu á [ormsson.is](http://ormsson.is)

**ORMSSON**

**SAMSUNG**  
SETRIÐ  
LÁGMÚLA 8 - 530 2800



Opnunartímar:  
Virka daga kl. 10-18  
Laugardaga kl. 11-15



ORMSSON

# Stjörnuþá mánaðarins



## Vatnsberinn 20. jan. - 18. feb.

Stjörnurnar munu ekki hafa nokkur einustu áhrif á líf þitt á næstunni. Mundu að langhættulegasti hluti allra farartækja er sá/sú sem heldur um stýrið – eða á að halda um það.



## Fiskarnir 19. feb. - 20. mars

Samkvæmt stjörnunum eru miklar breytingar væntanlegar á högum þínum á næstunni sem að miklu leyti tengjast lakkrísáti. Þú ferð og skoðar úrvalið af sturtuhausum.



## Hrúturinn 21. mars - 19. apríl

Þú ert farin(n) að þreytast verulega á tilbreytingarleysinu og ákveður því að gera eitthvað róttækt í málunum til að lyfta þér upp í eitt skipti fyrir öll. Svo hættir þú við það.



## Nautið 20. apríl - 20. maí

Þú reynir að komast undan áhrifa-valdi stjarnanna en dettur ekkert annað í hug en að fela þig í kústa-skápnunum. Það dugar ekki og sannast þegar þú hrasar um hrífuskaft.



## Tvíburarnir 21. maí - 21. júní

Einhver þú ert sem hefur sótt á þig að undanfögnu hverfur eins og döggr fyrir sólu þegar þú finnur óopnaðan Ópapakka á bak við lítinn bakpoka í garði nágrannanna.



## Krabbinn 22. júní - 22. júlí

Heilinn er eitthvert flóknasta líf-færi mannlíkamans þannig að þú þarft ekkert að skammast þín fyrir að hafa aldrei lært að nota hann. Reyndu að komast í þingó í kvöld.



## Ljónið 23. júlí - 22. ágúst

Þú reynir að gera ekkert heimskulegt í nóvember og hver veit nema það heppnist. Mundu að þeir vitru hugsa allt sem þeir segja en þeir vilja segja allt sem þeir hugsa.



## Meyjan 23. ágúst - 22. sept.

Þú kaupir þér klæði og saumar þér kápu sem á eftir að koma sér vel þegar það fer að snjóa fyrir alvöru. Reyndu að finna þér eitthvað annað að gera en að hangsa heima.



## Vogin 23. sept. - 23. okt.

Jólin nálgast og stjörnurnar mæla sterklega með að þú gefir öllum framlengingarsnúru í jólagjöf. Einhver sem þú þekkir lítilla vinnur 620 krónur í Víkingalottóinu.



## Sporðdrekin 24. okt. - 21. nóv.

Þú skellir þér á ráðstefnu um skipulagsmál en lendir óvart á fyrirlestri um tásvepparækt. Horfðu á björtu hliðarnar og hafðu ávallt í huga að heimska er ekki alvarlegur glæpur.



## Bogmaðurinn 22. nóv. - 21. des.

Samkvæmt stjörnunum eru meira en 89% líkur á að þú farir til Bakka-fjarðar fyrir tuttugasta, sennilega í leit að æti. Mundu eftir servíettunum og innstungu fyrir brauðristina.



## Steingeitin 22. des. - 19. jan.

Þér líður þessa dagana dálítið eins og jólakúlu sem hefur dottið af einni greininni og rúllað undir skáp þar sem hún finnst ekki fyrir en í þarnæstu vorhreingningum.

# Minningar mánaðarins



Gabrielle Union ólst upp í bænum Pleasanton í Kaliforníu og var allan sinn námsferil á kafi í íþróttum enda þótti hún frábær í bæði fótbolta og körfubolta og var alltaf í skólaliðunum í þeim greinum. Hún stefndi á að verða lögfræðingur en fór svo í félagsfræðinám og lauk því með virtum áður en hún uppgötvaði að hún gat leikið og ákvað að leggja leiklistina fyrir sig.



Foreldrar Christinu Applegate skildu þegar hún var aðeins nokkurra vikna gömul. Faðir hennar kvæntist á ný en móðir hennar var í nánu sambandi með tónlistarmanninum Stephen Stills án þess þó að giftast eða búa með honum. Stephen kenndi Christinu að spila á gítar og gaf henni eitt sinn forláta gítar sem hún heldur mikið upp á.



Um þessar mundir eru liðin fjörutíu ár frá því Meryl Streep vakti fyrst verulega athygli í kvikmyndaheiminum. Frammistaða hennar í fyrstu bíómyndinni sem hún lék í, *Julia* sem Fred Zinnemann gerði og frumsýnd var 1977, þótti frábær þótt hún væri þar í tiltölulega litlu hlutverki. Myndin var svo tilnefnd til ellefu Óskarsverðlauna



árið 1978 og hlaut þau fyrir besta leik í aukahlutverkum karla og kvenna (Jason Robards og Vanessa Redgrave) og fyrir handrit Alvins Sargent. Jane Fonda var tilnefnd fyrir besta leik í aðahlutverki og myndin sjálf sem besta mynd ársins en Jane laut í lægra haldi fyrir Diane Keaton sem lék titilhlutverkið í mynd Woodys Allen, *Annie Hall*, sem einnig hlaut Óskarsverðlaunin sem besta mynd ársins.

Ári síðar, eða í byrjun desember 1978, var svo *The Deer Hunter* eftir Michael Cimino frumsýnd og sló í gegn. Þar fór Meryl aftur með aukahlutverk en gerði það svo vel að hún hlaut sína fyrstu tilnefningu til Óskarsverðlauna en myndin í heild var tilnefnd til níu Óskara. *The Deer Hunter* hlaut síðan Óskarinn í fimm flokkum, fyrir klippingu, hljóð, besta leik í aukahlutverki karla (Christopher Walken), fyrir bestu leikstjórn og sem besta mynd ársins 1978.

Síðan þá hefur Meryl notið þess orðspors að vera einhver besta leikkona allra tíma enda hefur hún í dag hlotið þrenn Óskarsverðlaun af 21 tilnefningu, en það er met sem verður sennilega aldrei slegið.



Þótt Paul Rudd sé fæddur í Bandaríkjunum og hafi alist upp þar eru báðir foreldrar hans frá Lundúnum, en þau eru aftur bæði börn fólks sem kom til Englands frá Póllandi, Rússlandi og Hvíta-Rússlandi á tímum síðari heimsstyrjaldarinnar. Ættarnafnið Rudd er í raun stytting á Rudnitzky.




# MASTERS OF PASTA

Með bestu hráefnunum  
og ögn af ítalskri ástríðu,  
getur þú fengið einstakar  
niðurstöður.

Þú getur líka verið  
meistari í eldhúsinu.





Að skilja hafnabolta er eins og að skilja sápuóperu. Maður þarf bara að horfa á fimm leiki í röð og þá er maður búinn að fatta um hvað málið snýst.

- Jennifer Garner.

Ég byrjaði að leika níu ára af því að því fylgdi frí í skólanum. Mér datt aldrei í hug að þetta yrði vinnan mín enda vissi ég ekki að þetta væri vinna.

- Mila Kunis.

Ég ætlaði mér aldrei að verða leikkona. En þeir á umboðs- skrifstofunni sem höfðu útvegað mér fyrirsætustörf með skólanum höfðu einhverja trú á því að ég gæti leikið þannig að þeir útveguðu mér prufu og ég fékk hlutverkið. Þannig byrjaði þetta, en fyrir mig snerist þetta bara um að geta borgað námslánin. Svo kom áhuginn eftir það.

- Gabrielle Union.

Já, ég er einn af þeim sem ströggluðu lengi áður en mér fór að takast að lifa á leiklistinni. Og já, ég er einn af þeim sem þjónuðu til borðs á veitingahúsum í New York til að hafa í mig og á.

- Pedro Pascal.





Það langbesta við frægðina er að ef eitthvað bilar hjá manni þá kemur einhver mjög fljótlega og reddar því.

- Sandra Bullock.

Svört tónlist og hvít tónlist, hvað er það eiginlega? Ég hef aldrei skilið þessar skilgreiningar því fyrir mér er tónlist ekki litur heldur list.

- Whitney Houston.



Frægðin breytti mér ekki neitt. Ég var fyrir löngu orðinn svona þegar hún kom.

- Elliott Gould.

Fyrsta myndin sem kemur í hugann þegar ég er spurður að þessu er *Braveheart*. Mér fannst hún stórkostleg og finnst það enn. Ég hef örugglega séð hana 35 sinnum.

- Jeremy Renner, spurður að því hvaða myndir séu í uppáhaldi hjá honum.

Ég greip það snemma að árangur næðist ekki á einni nóttu. Árangur myndast smátt og smátt. Þess vegna reyni ég á hverjum degi að gera eitthvað sem gerir mig betri í því sem ég hef mestan áhuga á að gera. Það hefur ekki alltaf tekist, en er samt skýringin á árangrinum sem ég hef náð.

- Dwayne Johnson.

Foreldrar mínir gáfu mér oftast miða á einhverja tónleikasýningu í afmælis- og jólagjöf enda elskaði ég slíkar sýningar. Ég sá t.d. *Mamma Mia* margsinnis og langaði alltaf til að vera hluti af hópnum sem dansaði og söng á sviðinu. Mér datt aldrei í hug að sá draumur myndi rætast einn góðan veðurdag, en hann gerði það.

- Lily James.




Að eignast fleiri Matchbox-bíla. Ég elskaði þá og mig dreymdi um að finna garð sem væri fullur af gæðamold eins og þeirri sem krakkarnir í auglýsingunum léku sér í. Það var himnaríki í mínum augum.

- Justin Theroux, um æskudrauminn.

Öfugt við suma kollega þá elska ég að búa í Los Angeles.

- Ed Helms.



Ég hef aldrei litið á mig sem gamanleikara þótt aðrir hafi gert það. Ég held að það sé til komið af því að ég tamdi mér að reyna að sjá eins oft og ég get spaugilegu hliðarnar á sem flestum málum.

- Paul Rudd.

Jú, sumir leikarar njóta þess einhvern tíma á ferlinum að leika í vinsælum myndum sem gera þá eftirsóttari. En sá hiti kulnar fljótt og leikari sem byggir á slíku á enga möguleika til framtíðar. Raunverulegur árangur í þessu fagi byggist eins og annar árangur á mikilli vinnu, ekki tímabundnum vinsældum.


- Ben Foster.





ALLT HEFST MED

NESCAFÉ®



## Love, Simon

Gamanmynd / Rómantík



**Aðalhlutverk:** Nick Robinson, Jennifer Garner, Josh Duhamel, Katherine Langford, Alexandra Shipp, Jorge Lendeborg Jr., Logan Miller, Keiynan Lonsdale og Talitha Bateman **Leikstjórn:** Greg Berlanti **Útgefandi:** Síminn og Vodafone


1. nóvember



Jennifer Garner og Josh Duhamel leika hina jákvæðu foreldra Simonar.

### Veistu svarið?

Eins og fram kemur í punktunum hér til hægri hefur Nick Robertson m.a. leikið í myndunum *Jurassic World*, *Everything Everything*, *Being Charlie* og *The 5th Wave*. Hvaða unga og hæfileikaríka leikkona lék aðalhlutverkið í síðastnefndu myndinni?



Chloe Grace Moretz

### Vertu sá sem þú ert

Simon er ungur maður í menntaskóla sem segja má að búi að öllu því besta. Hann á vel stæða og ástríka foreldra og fjölskyldu, stóran og sterkan vinahóp og hefur alla burði til að koma ár sinni vel fyrir borð í lífinu. Það er bara eitt vandamál.

Biómyndin *Love, Simon* eftir Greg Berlanti (*Life as We Know It*) er byggð á skáldsögunni *Simon vs. the Homo Sapiens Agenda* sem kom út 2015 og er eftir Becky Albertalli. Bókin vakti mikla athygli, flaug inn á metsölulista *The New York Times* og hlaut m.a. bandarísku William C. Morris-verðlaunin árið 2016 sem besta fyrsta bók höfundar. Það er samdóma álit þeirra sem lesið hafa bókina og síðan séð myndina að hún sé sérlega vel heppnuð, fyndin og rómantísk en um leið raunsæ og áhrifarík. Þetta er með öðrum orðum mynd sem óhætt er að mæla heilshugar með við allt kvikmyndaáhugafólk og vonandi lætur enginn hana fram hjá sér fara ...



Nick Robinson þykir sýna frábæran leik í aðalhlutverki *Love, Simon* og er án nokkurs vafa upprennandi stórstjarna í kvikmyndaheiminum.

### Punktar .....

★★★★1/2 - *RogerEbert.com* ★★★★★1/2 - *Chic. Sun-Times*  
 ★★★★★1/2 - *Rolling Stone* ★★★★★ - *E.W.* ★★★★★ - *Empire*  
 ★★★★★ - *Time Out* ★★★★★ - *Guardian* ★★★★★ - *Variety*

• *Love, Simon* hefur eins og sést hér fyrir ofan hlotið afar góða dóma gagnrýnenda og er með 7,2 í meðaleinkunn á Metacritic, 9,2 á Rotten Tomatoes og 7,7 hjá meira en 61 þúsund notendum IMDb.

• Hinn rúmlega tvítugi Nick Robertson sem leikur Simon er án nokkurs vafa eitt mesta leikaraefni Bandaríkjanna í dag en hann lék í sinni fyrstu bíómynd fyrir aðeins fimm árum. Þekktastur er hann fyrir hlutverk sín í *Jurassic World*, *The 5th Wave*, *Being Charlie* og *Everything Everything* og með frammistöðu sinni í *Love, Simon* þykir hann sýna og sanna leikhæfileika sína svo um munar.



Simon ásamt hinum trausta vinahóp sínum í myndinni.



## Össi

Teiknimynd



**Íslensk talsetning:** Viktor Már Bjarnason, Stefanía Svavarsdóttir, Orri Huginn Ágústsson, Íris Tanja Flygenring, Albert Halldórsson, Sigríður Eyrún Friðriksdóttir, Magnús Ólafsson, Þórhallur (Laddi) Sigurðsson, Einar Örn Einarsson, Eyþór Ingi Gunnlaugsson, Hjálmar Hjálmarsson, Karl Pálsson og Steinn Ármann Magnússon **Leikstjórn:** Sigurður Árni Ólason **Útgefandi:** Myndform

1. nóvember



## Flótti er eina leiðin


Össi er lítill hundur sem hefur alist upp í góðu yfirlæti hjá fjölskyldu sem lítur á hann sem einn af henni. Það gera hins vegar ekki allir og þegar fjölskyldan ákveður að fara í frí til Japans má Össi ekki koma með. Ákveðið er að senda Össa á hundahótel sem lofar góðu en stendur svo ekki undir nafni!

Tölvuteiknaða myndin Össi er eftir spænska teiknarann og leikstjórnann Alberto Rodríguez og er gerð eftir sögu Juans Ramón Ruiz de Somavía um nokkra hundafélaga sem komast að því að „hundahótel“ sem þeir hafa verið sendir á í góðri trú er í raun bara fangelsi þar sem harðstjórar fara með völdin. Við það geta félagarnir auðvitað ekki sætt sig og byrja að skipuleggja flóttu sem í fyrstu virðist ómögulegt að framkvæma. En Össi og félagar deyja ekki ráðalausir ...

## Punktur .....

- Össi hlaut spænsku Gaudi-verðlaunin sem besta teiknimyndin 2016 og var einnig valin besta teiknimyndin á hátíð handritshöfunda á Spáni. Hún var enn fremur tilnefnd til Goya-verðlaunanna sem besta teiknimyndin og fyrir bestu hljóðsetninguna.





## Það sem gerðist svo ...

**Þann 8. desember 1980 var John Lennon skotinn til bana fyrir utan Dakota-bygginguna í New York. Þessi mynd segir frá því sem gerðist strax eftir það.**

Í verðlaunamyndinni *The Lennon Report* eftir Jeremy Profe er brugðið upp sannferðugu ljósi á hvað gerðist á milli þess að John Lennon var skotinn og þess að dauði hans var kominn í heimsfréttirnar. Lögreglumennirnir sem komu fyrstir á vettvang árásarinnar ákváðu að biða ekki eftir sjúkrahúsi heldur fluttu John sjálfir á bráðamóttöku St. Luke's-Roosevelt-spítalans í aftursæti bifreiðar sinnar og vissi starfsfólk spítalans ekki hver hinn slasaði var fyrr en eftir að tilraunir til að bjarga lífi hans voru hafnar. Á göngum sjúkrahússins var fréttamaðurinn Alan Weiss og beið aðhlyningar eftir að hafa slasast á fæti í mótörhjólaslysi fyrr um kvöldið. Hann áttaði sig fljótlega á að þarna var sennilega komin ein stærsta frétt ársins, en á sama tíma var starfsfólk sjúkrahússins bundið trúnaði og mátti ekkert upplýsa ...

## Punktur .....

- Myndin gerist öll að kvöldi 8. desember 1980 og þykir sviðsetning hennar frábær þannig að áhorfendur fá mjög nákvæma mynd af aðstæðunum þetta kvöld.

- Mark Chapman skaut í allt fimm skotum að John Lennon af um þriggja metra færi og hæfðu fjögur þeirra John í bakið.



Walter Vincent leikur fréttamanninn Alan Weiss sem beið aðhlyningar á göngum sjúkrahússins þegar komið var með John Lennon á bráðadeildina.

- Á þessum tíma voru auðvitað engir farsímar við höndina eða net þannig að það tók sinn tíma áður en fréttin af skotárásinni og dauða Johns var staðfest af yfirvöldum.



**Aðalhl.:** Walter Vincent, Richard Kind, David Zayas og Stef Dawson **Leikstj.:** Jeremy Profe **Útgefandi:** Myndform

Sannsögulegt

2. nóvember



## Alvin!!! og íkornarnir

**Stórskemmtileg teiknimyndasýrpa um ævintýri sex eldfjörugra íkornabarna sem eru stöðugt að lenda í alls konar ævintýrum og óvæntum uppákomum, uppeldisföður þeirra, Davíð, oftar en ekki til mikillar mæðu.**

Þessir þættir komu fyrst út í mars 2015 og slógu þegar í gegn á bandarísku og frönsku Nickelodeon-sjónvarpsstöðvunum. Í framhaldinu hafa þeir verið sýndir víða og alls staðar verið vel tekið. Hér segir frá hinum ókvænta Davíð sem tekið hefur að sér að ala upp sex íkornakrakka, þrjá stráka og þrjár stelpur. Það gengur því að sjálfsgöðu mikið á á heimilinu því íkornakrakkarnir eru hugmyndaþrikir með eindæmum og óhræddir við að feta nýjar slóðir í hverju því sem þeir taka sér fyrir hendur. En stundum þrýtur Davíð þolinmæðina og þegar það gerist kallar hann yfir sig: „ALVIN!!!“



**Teiknimynd** með íslensku tali um sex íkornakrakka og ævintýri þeirra **Útgefandi:** Myndform

Barnaefni


2. nóvember



## Úr öskunni í eldinn

**Tveir bræður á flótta undan yfirvöldum leita skjóls í litlum eyðimerkurbæ og komast fljótlega að því að þar með hafa þeir farið úr öskunni í eldinn.**

*Drifter* er fyrsta bíómynd leikstjórans og handritshöfundarins Chris von Hoffmann sem á þó fjölda stuttmynda að baki. Myndin gerist í óræðri framtíð þar sem m.a. gangfær farartæki og orka til að knýja þau eru orðin sjaldséð fyrirbrigði. Bræðurnir Miles og Dominic Pierce eru nokkurs konar útlagar sem koma til smábæjar í eyðimörkinni og ákveða að leita þar skjóls um stund og hvíla sig á flóttanum. Þeir vita auðvitað ekki að íbúar bæjarins eru ekki eins og fólk er flest heldur hreinræktuð illmenni og brjálæðingar sem m.a. leggja sér mannakjöt til munns. En teningunum er kastað og þeir bræður verða að gjöra svo vel að takast á við þennan ófyrirleitna mannskap sem ætlar alls ekki að sleppa þeim lifandi ...



Aria Emory leikur annan bræðrana, Miles Pierce, í *Drifter*.



**Aðalhlutverk:** Aria Emory, Drew Harwood og Monique Rosario **Leikstjórn:** Chris von Hoffmann **Útg.:** Myndform

Tryllir

2. nóvember



Ryan Gosling hafði nóg að gera í október við að kynna nýjustu mynd sína, *First Man*. Hér veifar hann til aðdáenda í New York þegar hann mætti í viðtal við Jimmy Kimmel.



Chris Pratt þarf að halda sér í formi enda margt á döfinni hjá honum á næstunni, þ. á m. þriðja *Jurassic World*-myndin. Hér er kappinn á hjólinu í blíðunni í Los Angeles um miðjan október.



Fyrirsætan, leikkonan og framleiðandinn Heidi Klum undirbjó sig snemma í október undir uppáhaldsdaginn sinn, 31. október, með því að kaupa allveg fullt af hrekkjavökudóti.

## Af því að þær geta það

Eftir að Debbie Ocean losnar úr fangelsi á reynslulausn vegna góðrar hegðunar og loforðs um að skokka mjóa veginn hér eftir byrjar hún strax að skipuleggja næsta rán og húa í samverkakonur sínar sjö sem óhætt er að segja að séu hver annarri hæfileikaríkari á hinum ýmsu og fjölbreyttustu sviðum.

*Ocean's 8* er svokallað „spin-off“ myndarinnar *Ocean's Eleven* sem Steven Soderbergh gerði og frumsýnd var árið 2001 við miklar vinsældir enda einstaklega skemmtileg í alla staði. Höfuðpaur 11-gengisins var Danny Ocean sem George Clooney lék svo eftirminnilega og í þessari mynd er það systir hans Debbie sem sér um að skipuleggja rán sem á ekki að vera hægt að framkvæma. Við förum ekki nánar út í um hvað þetta rán snýst til að skemma ekkert fyrir væntanlegum áhorfendum en sá eðalleikhópur sem kemur fram í þessari skemmtilegu mynd er einn og sér full ástæða til að sjá hana!



Bírafíð rán sem í fyrstu virðist ómögulegt að framkvæma þarf að skipuleggja vel og í smáatriðum. Debby Ocean er sérfræðingur í því.

## Ocean's 8

Glæpagrín / Flétta



**Aðalhlutverk:** Sandra Bullock, Cate Blanchett, Anne Hathaway, Dakota Fanning, Olivia Munn, Helena Bonham Carter, Katie Holmes, Matt Damon, Mindy Kaling, Sarah Paulson, Awkwafina, Rihanna, James Corden og Richard Armitage **Leikstjórn:** Gary Ross **Útgefandi:** Síminn og Vodafone

5. nóvember



Konurnar sjö sem Debbie Ocean fær til liðs við sig eiga það sam-eiginlegt að búa yfir miklum hæfileikum, hver á sínu sviði.

### Veistu svarið?

Eins og kemur fram hér í kynningunni leikur Sandra Bullock Debbie Ocean sem er systir Dannys sem George Clooney lék í *Ocean's Eleven* árið 2001. En í hvaða sjöföldu Óskarsverðlaunamynd léku þau Sandra og Georg hvort á móti öðru árið 2013?



## Punktar .....

- ★★★★1/2 - IGN ★★★★★ - *The Playlist* ★★★★★ - *Time Out*
- ★★★★ - *Slate* ★★★★★1/2 - *Observer* ★★★★★1/2 - *Rolling Stone*
- ★★★★1/2 - *RogerEbert.com* ★★★★★1/2 - *Entertainment Weekly*
- ★★★★1/2 - *L.A. Times* ★★★★★1/2 - *N.Y. Times* ★★★★★1/2 - *Variety*

• Leikstjóri myndarinnar, Gary Ross, samdi einnig söguna og handritið, en hann á að baki margar góðar myndir eins og *Pleasantville*, *Seabiscuit*, *Big*, *The Hunger Games* og *Free State of Jones*, annað hvort sem leikstjóri, sögu- eða handritshöfundur, eða allt í senn.

• Í myndinni koma fram margar þekktar persónur, s.s. Serena Williams, Kendall og Kylie Jenner, Kim Kardashian, Olivia Munn, Jaime King, Hailey Baldwin, Katie Holmes, Heidi Klum og Adriana Lima.



Cate Blanchett, Helena Bonham Carter og Sandra Bullock í hlutverkum sínum í myndinni sem þær Lou, Rose og Debbie.



## Hótel Transylvanía 3: Sumarfríð

Teiknimynd



**Íslensk talsetning:** Orri Huginn Ágústsson, Sigríður Eyrún Friðriksdóttir, Þórhallur Sigurðsson (Laddi), Salka Sól Eyfeld, Sigurbjartur Sturla Atlason, Heiðar Þórðarson, Valdimar Örn Flygenring, Hjálmar Hjálmarsson, Gísli Rúnar Jónsson, Björgvin Franz Gíslason og fleiri  
**Leikstjórn:** Rósa Guðný Þórsdóttir **Útgefandi:** Sena

8. nóvember



Hótel Transylvaníu-myndirnar hafa heldur betur slegið í gegn enda sérlega fjörugar og myndar myndir sem allir á öllum aldri kunna að meta.

## Jafnvel skrímsli þurfa frí

Þegar Mavis, dóttir Drakúla, fær áhyggjur af stöðugri vinnu-semi föður síns ákveður hún að skipuleggja frí fyrir þau og helstu vini þeirra – frí sem verður þeim öllum ógleymanlegt!

Drakúla greifi er mættur aftur í stórskemmtilegri mynd ásamt dóttur sinni, eiginmanni hennar og nokkrum bestu vinum þeirra og halda þau nú suður á bóginn þar sem fjörug skemmtisigling bíður þeirra. Hugmyndin er að slaka almennilega á í tunglskinsblíðunni og til að byrja með virðist það ætla að takast. En þegar Drakúla verður yfir sig hrifinn af skipstjóranum Eriku vandast málin því undir faguðu yfirborðinu er Erika allt önnur kona en hún þykist vera ...





## The Spy Who Dumped Me

Grín / Hasar



**Aðalhlutverk:** Mila Kunis, Kate McKinnon, Sam Heughan, Justin Theroux, Gillian Anderson, Ivanna Sakhno, Justine Wachsberger og Ólafur Darri Ólafsson **Leikstjórn:** Susanna Fogel  
**Útgefandi:** Myndform

8. nóvember



Á flóttu undan þeim sem vilja þær feigar lenda Morgan og Audrey í ýmsum uppákomum, ekki síst eftir að þær eru komnar til Evrópu.

### Veistu svarið?

Kate McKinnon hefur um árabíl verið ein vinsælasta og virtasta gamanleikkona Bandaríkjanna enda hefur hún hlotið flest þau verðlaun sem hægt er að hljóta fyrir gamanleik, þ. á m. tvenn Emmy-verðlaun fyrir leik sinn í ... hvaða gamanþáttum?



Saturday Night Live

### Er nauðsynlegt að skjóta þær?

Áhorfendur sem vilja sjá fjörugan grínhasar ættu ekki að láta *The Spy Who Dumped Me* fram hjá sér fara þar sem tvær af vinsælustu leikkonum Bandaríkjanna þurfa að snúa bökkum saman í baráttu við óþjóðalýð sem vill þær feigar sem fyrst.

Gamanmyndin *The Spy Who Dumped Me* segir frá vinkonunum Morgan og Audrey sem ákveða að fara til Evrópu og slaka á eftir að unnusti þeirrar síðarnefndu segir henni upp. En áður en þær leggja í hann komast þær að því í gegnum dularfulla menn sem yfirheyra Audrey að unnustinn fyrrverandi er í raun njósnari. Audrey vissi auðvitað ekkert um það og hefur ekki hugmynd um hvar hann er niðurkominn. Hún verður því afar hissa þegar sá fyrrverandi dúkkar upp í íbúðinni hennar og það sem verra er, er að hann er með leigumorðingja á hælunum. Þar með verður Audrey einnig skotmark leigumorðingjans og það er með naumindum að henni og Morgan takist að sleppa upp í flugvél og fara í hina fyrirhuguðu ferð til Evrópu. Vandamálið er að leigumorðingjar geta líka farið til Evrópu og áður en þær vinkonur ná að taka upp úr töskunum eiga þær fótum fjör að launa. Tekst þeim að snúa aðstæðunum sér í vil?



Kate McKinnon og Mila Kunis leika vinkonurnar Morgan og Audrey sem flækjast óvart inn í alþjóðlegt samsæri og eiga eftir það fótum fjör að launa undan fólki sem vill koma þeim fyrir kattarnef.

### Punktar .....

★★★★ - Total Film ★★★★★1/2 - N.Y. Post ★★★★★1/2 - L.A. Times  
★★★★1/2 - Vanity Fair ★★★★★1/2 - N.Y. Times ★★★★★1/2 - IndieWire  
★★★★ - Empire ★★★★★ - Variety ★★★★★ - Wrap ★★★★★ - Guardian

- *The Spy Who Dumped Me* er önnur mynd leikstjórans Susönnu Fogel í fullri lengd en sú fyrri, *Life Partners*, var frumsýnd árið 2014 og þykir afar góð mynd í alla staði og mjög myndin – eins og þessi.
- Okkar maður, Ólafur Darri Ólafsson leikur aukahlutverk í myndinni, finnskan bakpokaferðalang, en við látum áhorfendum að sjálf-sögðu eftir að uppgötva hvaða áhrif hann hefur á atburðarásina.



Þær Audrey og Morgan leggja hér á ráðin og njóta aðstoðar CIA-mannsins Sebastians sem leikinn er af Sam Heughan.





**Aðalhl.:** Ben Foster, Thomasin McKenzie, Jeff Kober og Dana Millican **Leikstj.:** Debra Granik **Útgefandi:** Sena

**Drama** **8. nóvember**

**Heima er þar sem hjartað er**


**Will er fyrrverandi hermaður sem þjáist af áfallaröskun (PTSD) og hefur kosið að búa utan samfélags manna ásamt þrettán ára dóttur sinni, Tom. Við það eru yfirvöld í Oregon ekki sátt og ákveða að bregðast við til aðstoðar.**

*Leave No Trace* er ein af kvikmyndaperlum ársins 2018 en hún þykir einstaklega vel gerð, mjög áhrifarík og frábærlega leikin, ekki síst af aðalleikurunum Ben Foster og hinni ungu Thomasin McKenzie sem þykir minna mjög á Jennifer Lawrence þegar hún var að stíga sín fyrstu skref í leiklistinni. Þetta er mynd sem allir ættu að sjá.

**Punktur** .....

★★★★★ - *L.A. Times* ★★★★★ - *N.Y. Times* ★★★★★ - *RogerEbert.com*  
 ★★★★★ - *Guardian* ★★★★★ - *Village Voices* ★★★★★1/2 - *H. Reporter*  
 ★★★★★1/2 - *Vanity Fair* ★★★★★1/2 - *Rolling Stone* ★★★★★1/2 - *W. Post*  
 ★★★★★1/2 - *Time* ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *Screen* ★★★★★ - *Total Film*

- *Leave No Trace* hefur hlotið fjölmörg verðlaun og viðurkenningar og frábæra dóma gagnrýnenda eins og sést á stjörnuvjöfnni hér fyrir ofan. Myndin er með 8,6 í meðaleinkunn á Metacritic, 7,3 á IMDb.com og 8,6 á Rotten Tomatoes þar sem hún er jafnframt ein fárra mynda sem fá 100% skor hjá gagnrýnendum, en það þýðir að allir dómarnir 190 eru góðir, eða „fresh“ eins og það er kallað á vefnum.



Thomasin McKenzie og Ben Foster leika feðginin Tom og Will í *Leave No Trace*.

- Myndin er byggð á bók rithöfundarins og prófessorsins Peters Rock, *My Abandonment*, sem kom út árið 2009 og hlaut m.a. bókmenntaverðlaun Utah-ríkis og Alex-verðlaun bandarískra bókasafna.



**Teiknimyndir** með íslensku tali um Nils Holgersson og fjölbreytt ævintýri hans **Útgefandi:** Myndform

**Barnaefni** **9. nóvember**

**Nils Holgersson**

**Komdu með í ævintýraferð**


**Nils Holgersson er latur strákur og hrekkjóttur og vondur við dýrin á bænum. Þegar dvergálfur leggur á hann álög svo hann breytist í lítinn álf sjálfur þarf hann að endurmeta viðhorf sín og læra að breyta hegðun sinni.**

Þessi útgáfa inniheldur sögur af ævintýrum Nils Holgerssonar þar sem hann ferðast heilt sumar á baki gæsa og kynnist mörgum nýjum svæðum og dýrunum sem þar búa. Sum eru góð en sum geta verið hættuleg og það á eftir að reyna verulega á Nils í samskiptum við þau. Hér er um að ræða aðra seríu útgáfunnar sem inniheldur sjö sjálfstæða og fjöruga þætti.

**Punktur** .....

- Sænska skáldkonan Selma Otilia Lovisa Lagerlöf (1858–1940) gaf bókina um Nils Holgersson (*Nils Holgerssons underbara resa genom Sverige*) út árið 1904, en hún var upphaflega skrifuð að beiðni sænska kennarasambandsins til að nota við landafræðikennslu barna. Bókin varð þó fljótt vinsæl á meðal almennings og var á næstu árum og áratugum þýdd á fjölda tungumála, þar á meðal á íslensku árið 1946 af Marinó L. Stefánssyni og hét þá *Nilli Hólmgeirsson og ævintýraför hans um Svíþjóð*. Sagan var svo lesin í útvarpinu af Huldu Runólfsdóttur og naut sá lestur ómældra vinsælda landsmanna á sínum tíma. Þess má geta að Selma Lagerlöf varð árið 1909 fyrsta konan og um leið fyrsti Svíinn til að hljóta Nóbelsverðlaunin í bókmenntum.





## Whitney

### Heimildarmynd



Höfundur: Kevin Macdonald Útgafandi: Myndform

9. nóvember



#### Veistu svarið?

Það þekkjast auðvitað margir vel til allra laganna sem Whitney söng á sínum ferli og urðu vinsæl. Færri vita kannski að Whitney bar millinafn sem var svó að segja aldrei notað opinberlega. Hvað hét hún fullu nafni?



Whitney Elizabeth Houston

## Konan, tónlistin, sannleikurinn og svörin.

Stórkostlega vel gerð og ítarleg heimildarmynd eftir Óskarsverðlaunahafann Kevin MacDonal um ævi og feril einhverrar bestu og vinsælustu söngkonu Bandaríkjanna fyrr og síðar, Whitney Houston, sem lést langt um aldur fram í febrúar 2012.

Frægðarsól Whitney Houston byrjaði að rísa í hæstu hæðir þegar hún gaf út sína fyrstu plötu, *Whitney Houston* árið 1985, en hún var þá aðeins 22 ára gömul og átti að baki feril sem fyrirsæta. En eftir að í ljós kom þvílíka rödd hún hafði varð ekki aftur snúið og eru sólplötur hennar sjö sem komu út á árunum 1985–2009 á meðal mest seldu platna allra tíma enda innihéldu þær hvern stórmellinn á fætur öðrum. Þeir heyrast flestir í þessari vönduðu mynd sem heiðrar minningu þessarar einstöku persónu á eftirminnilegan hátt.



Þessa viðamiklu og vel gerðu heimildarmynd ættu allir aðdáendur Whitney Houston að sjá, en hér er allt lagt á borðið um ævi hennar, uppvöxt, feril, einkalíf og ekki síst stórkostlega tónlistina sem lifir enn.

## Punktar .....

★★★★★ - *S.F. Chronicle* ★★★★★ - *Total Film* ★★★★★1/2  
 - *Entert. Weekly* ★★★★★1/2 - *C. Sun-Times* ★★★★★ - *Wrap*  
 ★★★★★ - *CineVue* ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *Hollyw. Reporter*  
 ★★★★★ - *Variety* ★★★★★ - *Time Out* ★★★★★ - *W.S. Journal*

• Whitney hefur eins og sést á stjörnujökfinni hér fyrir ofan hlotið frábæra dóma gagnrýnenda og þykir mjög líkleg til að verða tilnefnd til Óskarsverðlauna sem besta heimildarmynd ársins 2018.

• Höfundur myndarinnar, Kevin MacDonal, hlaut Óskarsverðlaunin árið 2000 fyrir heimildarmynd sína *One Day in September* og á einnig að baki margar aðrar afburðagóðar heimildarmyndir eins og *Chaplin's Goliath* (1996), *Being Mick* (um Mick Jagger 2001), *Touching the Void* (2003), *My Enemy's Enemy* (2007), *Life in a Day* (2011), *Marley* (um Bob Marley 2012), *Christmas in a Day* (2013) og *Sky Ladder: The Art of Cai Guo-Qiang* (2016). Þess utan á hann sem leikstjóri einnig að baki nokkrar góðar bíómyndir, s.s. *The Last King of Scotland* (2006), *State of Play* (2009), *The Eagle* (2011), *How I Live Now* (2013) og *Black Sea* (2016).

• Á meðal viðmælenda og annarra sem við sögu koma í myndinni eru helstu ættingjar Whitney, vinir, samstarfsfólk og annað samferðarfólk og má þar nefna þau Cissy Houston, móður Whitney, hinn umdeilda eiginmann hennar Bobby Brown, Kevin Costner, sem kynntist henni vel þegar þau unnu saman að myndinni *The Bodyguard*, bræður hennar, Michael og Gary Houston, og fjölmarga aðra sem þekktu hana vel.



**Aðalhlutverk:** Dakota Johnson, Theo Ikummaq og Mira Sorvino **Leikstjórn:** Ezna Sands **Útgefandi:** Myndform

**Gamandrama**

**9. nóvember**

## Að bjarga veröldinni frá glötun

Theo er inúfti frá Norður-Ameríku sem kominn er til New York til að hafa tal af ráðamönnum og fá þá til að grípa til aðgerða gegn loftslagsbreytingum sem eru þegar farnar að hafa mikil áhrif á lífsafkomu hans og hans fólks. Sú fyrsta sem hann hittir er hin heimilslausa Chloe sem ákveður að hjálpa til.

*Chloe og Theo* er gamansöm mynd um alvarlegt málefni, hlýnun loftslagsins og afleiðingar þess fyrir lífið á jörðinni, framtíðina og komandi kynslóðir. Inúftinn Theo hefur þegar upplifað hvaða geigvænlegu áhrif hlýnunar hefur haft á heimaslóðum hans og þar sem hann er ókunnugur í New York þiggur hann aðstoð Chloe, þótt hún sé dálítið skritin. Chloe byrjar þegar að safna liði á meðal annarra heimilslausra og saman ákveða þau að ná tali af leiðtogum heimsins í húsakynnum Sameinuðu þjóðanna, vengóð um að erindi þeirra beri árangur ...



Þau Chloe og Theo eru gerólíkir einstaklingar sem eiga þó eftir að finna samhljóm í sameiginlegu áhugamáli: Að bjarga heiminum frá glötun.

## Hvert skal stefna?

Charlie er 25 ára maður sem býr enn í foreldrahúsum og hefur svo gott sem gersamlega misst sjónar á markmiðum sínum, ef þau voru þá einhver til að byrja með. En þá kynnist hann hinni átján ára gömlu Amber og allt breytist.


*Almost Friends* er eftir leikstjórnann og handritshöfundinn Jake Goldberger sem á tvær ágætis myndir að baki, *Don McKay* frá árinu 2009 og *Life of a King* frá 2013, en hún var tilnefnd til Image-verðlaunanna sem besta óháða mynd þess árs.

Í þetta sinn kynnir hann fyrir okkur hinn 25 ára gamla Charlie sem óhætt er að segja að sé stefnulaus í lífinu. Hann hefur ýmislegt til brunns að bera, er til dæmis góður kokkur, en virðist algjörlega metnaðarlaus hvað framtíðinni viðkemur og vinnur fyrir sér í miðasölu í kvikmyndahúsi. Dag einn kynnist hann hinni heillandi Amber sem virðist að sumu leyti endurgjalda áhuga hans. Áður en varir er Charlie orðinn ástfanginn upp fyrir haus en það er tvennt sem stendur í vegi hans: Hans eigin óákveðni og stefnuleysi, og sú staðreynd að Amber er á föstu ...


## Punktur .....

- Aðalleikari myndarinnar, enski leikarinn Freddie Highmore, er einna þekktastur fyrir leik sinn í myndunum *Finding Neverland*, *Charlie and the Chocolate Factory*, *August Rush*, *The Golden Compass* og *The Spiderwick Chronicles* ásamt leik í sjónvarpsþáttunum *Close to the Enemy*, *Bates Motel* og *The Good Doctor*.

- Fyrir utan þau þrjú sem nefnd eru í kreditlistanum hér t.v. leika þau Haley Joel Osment, Marg Helgenberger og Jake Abel stór hlutverk í myndinni.



Hinn skemmtilegi leikari Freddie Highmore leikur aðalhlutverkið í *Almost Friends*.



**Aðalhlutverk:** Freddie Highmore, Odeya Rush og Christopher Meloni **Leikstj.**: Jake Goldberger **Útg.**: Myndform

**Gaman/rómantík**

**9. nóvember**



## Tag Gamanmynd



**Aðalhlutverk:** Jeremy Renner, Jake Johnson, Isla Fisher, Ed Helms, Annabelle Wallis, Rashida Jones, Jon Hamm, Hannibal Buress og Leslie Bibb **Leikstjórn:** Jeff Tomsic **Útgefandi** Síminn og Vodafone

12. nóvember



Sumar tilraunir eru dæmdar til að mistakast eins og þessi þegar Hoagie reynir að klukka Jerry í brúðkaupi þess síðarnefnda.

### Veistu svarið?

Þau Jeremy Renner, Annabelle Wallis og Jake Johnson eiga það m.a. sameiginlegt að hafa öll leikið á móti Tom Cruise. Jeremy gerði það í tveimur *Mission Impossible*-myndum en í hvaða mynd léku hin tvö á móti honum?



The Mummy

## Klukk, þú ert'ann!

**Tag** er af mörgum talin ein besta og fyndnasta gamanmynd ársins 2018 en hér er saman kominn stór hópur af frægum leikurum sem eru ekki hvað síst þekktir fyrir góðan húnur.

Einu sinni fyrir langa löngu, fyrir tíma tölvuleikja, léku krakkar sér saman úti á kvöldin. Þá fóru þau stundum í eltingarleik sem var yfirleitt kallaður „síðasta“, en líka stundum „klukk“. Þetta var einfaldur leikur sem snerist um að einhver í hópnum „var'ann“ og þurfti að elta uppi aðra í leiknum og „klukka“ þá, en í klukki fólst að ná að snerta viðkomandi. Sá sem var klukkaður breyttist þá í að ver'ann og þurfti að elta einhvern félagann sinn uppi til að klukka hann ... og svo koll af kolli þangað til tíminn leysti leikinn sjálfkrafa upp, oft í kringum háttatíma. Enginn vildi ver'ann þegar að því kom.

Þessi leikur er einmitt aðalatriðið í *Tag* sem fjallar um nokkra æskuvini sem léku sér í „síðasta“ þegar þeir voru ungir. Ólíkt öðrum ákváðu þeir hins vegar að hætta ekki í leiknum, bjuggu til sínar eigin reglur og koma enn félögum sínum á óvart með óvæntu klukki ...



Sex af níu aðalleikurum myndarinnar eru þau Annabelle Wallis, Jon Hamm, Jake Johnson, Ed Helms, Isla Fisher og Hannibal Buress.

## Punktur .....

★★★★★ - *Entertainment Weekly* ★★★★★ - *L.A. Times*  
★★★★★ - *Variety* ★★★★★ - *Guardian* ★★★★★1/2 - *N.Y. Post*  
★★★★1/2 - *N.Y. Times* ★★★★★1/2 - *Wrap* ★★★★★ - *Rolling Stone*

• *Tag* er að hluta til byggð á sannri sögu fjögurra æskuvina sem ólust upp saman í borginni Spokane í Washington-ríki. Saga þeirra birtist upphaflega sem grein í *The Wall Street Journal* og heitir *It Takes Planning, Caution to Avoid Being 'It'*. Hún er eftir Russell Adams og vakti mikla athygli á sínum tíma, þ. á m. handritshöfundarins Marks Steilen sem ákvað að skrifa handritið að *Tag*. Upphaflegu greinina má enn sjá á vef *The Wall Street Journal* ([www.wsj.com](http://www.wsj.com)) ásamt ljósmyndum af félögum fjórum, Bill, Patrick, Sean og Mike.



Jerry (Jeremy Renner) stærir sig af því að hafa um langt skeið séð við öllum félögum sínum í leiknum. Við það eru félagar hans ekki sáttir!



**Aðalhl.:** Gabrielle Union, Billy Burke, Richard Cabral og Ajiona Alexus **Leikstj.:** James McTeigue **Útgefandi:** Vodafone

**Spennumynd**

**12. nóvember**

### Vanmat er aldrei viturlegt!

Shaun Russell er móðir tveggja barna sem lendir í æsilegu kapphlaupi við tímann þegar þrír innbrotsþjófar brjótast inn í rammgert hús föður hennar og taka börnin hennar tvö í gíslingu. Til að bjarga þeim þarf Shaun að taka á öllu sem hún hefur – og það er mun meira en innbrotsþjófarnir átta von á.

*Breaking In* er hröð og spennandi mynd, og ekta afþreying fyrir þá sem kunna að meta myndir þar sem leikur kattanna að músinni snýst upp í leik músarinnar að köttunum. Hin skemmtilega leikkona Gabrielle Union leikur hina eitilhörðu Shaun Russell sem er ekki á því að láta innbrotsþjófa í húsi föður hennar komast upp með að ógna lífi barna hennar og snýr vörn í sókn á snjallan hátt þegar innbrotsþjófarnir loka hana úti til að fá frið til að athafna sig. Þann frið munu þeir ekki fá ...

### Punktur .....

★★★★1/2 - *IGN* ★★★★★1/2 - *Vanity Fair* ★★★★★ - *The New York Times*  
 ★★★★★ - *RogerEbert.com* ★★★★★ - *The Guardian* ★★★★★ - *TheWrap*

- Leikstjóri myndarinnar, James McTeigue á nokkrar góðar myndir að baki eins og t.d. *V for Vendetta*, *Ninja Assassin*, *The Raven* og *Survivor* auk þess sem hann var fyrsti aðstoðarleikstjóri *Matrix*-myndanna.

- Handritshöfundur *Breaking In* er Ryan Engle sem m.a. hefur unnið mikið með spennumyndaleikstjóranum Jaime Collet-Serra og skrifaði handrit mynda hans, *Non-Stop* og *The Commuter* auk þess sem hann skrifaði handritið að *Rampage* með Dwayne Johnson í aðalhlutverki.



Gabrielle Union leikur Shaun Russell sem lætur innbrotsþjófa ekki segja sér fyrir verkum.

### Bernharð bjargar jóluunum

Bernharð er einn af aðstoðarálfum jólasveinsins og reynir hvað hann getur að koma að gagni með uppfinningum sínum þótt það gangi stundum brösuglega. En þegar hinn gráðugi Neville og móðir hans Vera ræna jólasveininum fær Bernharð kærkomið tækifæri til að sýna hvað í sér býr.

*Björgum sveinka* er fjögur og fyndin jólateiknimynd með skemmtilegri sögu sem segja má að sæki fyrirmyndina í *Back To the Future*-myndina. Ástæðan fyrir því að Neville og Vera ræna jólasveininum er að þau vilja vita hvernig hann fer að því að færa öllum góðum börnum í heiminum jólagjafir á einu og sama kvöldinu, en það ætti auðvitað ekki að vera hægt. Bernharð veit hins vegar að svarið við þessu er að á sleða jólasveinsins er tímavél sem hann notar til að ferðast á milli staða án þess að tíminn líði – og ákveður nú að nota þessa tímavél til að bjarga jólasveininum ...

### Punktur .....

- *Björgum sveinka* kemur út bæði á DVD og á sjónvarpsleigunum 15. nóvember. Hún er talsett á íslensku og á meðal þeirra sem tala fyrir persónur hennar eru Orri Huginn Ágústsson, Örn Árnason, Stefanía Svavarsdóttir, Bryndís Ásmunds-  
 dóttir, Þórunn Jenny Guðmundsdóttir, Elísabet Ormslev, Aðalbjörn Tryggvason, Álfrún Helga Örnólfsdóttir, Fjölur Gíslason, Karl Pálsson, Eyþór Ingi Gunnlaugsson, Hjálmar Hjálmarsson, Laddi og Steinn Ármann Magnússon. Leikstjóri talsetningarinnar var Sigurður Árni Ólason.



Þegar jólasveininum er rænt kemur það í hlut Bernharðs álfs að bjarga honum.



Íslensk talsetning Útgefandi: Myndform

**Teiknimynd**

**15. nóvember**

## Stærðin skiptir máli

*Ant-Man and the Wasp* gerist um tveimur árum eftir atburðina í *Captain America: Civil War* og Scott Lang, sem við þekkjum betur sem Ant-Man, er enn í því stofufangelsi sem hann var dæmdur í vegna afskipta sinna af þeim átökum. En þegar Hank Pym þarf á ný á hjálp hans að halda kemur ekkert annað til greina en að brjóta skilorðið og vona að það komist ekki upp.

Fyrsta *Ant-Man*-myndin sem tilheyrði hinum sameinaða ofurhetjuheimi Marvel kom út árið 2015 og sló í gegn, ekki síst vegna þess að í henni kvað við annan tón en í fyrri Marvel-myndunum. Segja má að sá tónn hafi verið sleginn með því að fá Peyton Reed til að leikstýra og Paul Rudd til að fara með aðalhlutverkið en þeir voru báðir þekktari fyrir gerð gamanmynda en þess hasars sem einkennt hafði fyrri ofurhetjumyndir. Það fór líka svo að *Ant-Man* gerði mikið út á grnið ekki síður en ævintýralegan hasarinn og var strax ákveðið að fela þeim Peyton og Paul að gera næstu mynd líka, en Paul er einnig einn af handritshöfundunum. Útkoman er sem fyrr úrvals afþreying, grín og ævintýri sem allir geta haft gaman af.



## Ant-Man and the Wasp

Ævintýri / Ofurhetjur



**Aðalhlutverk:** Paul Rudd, Evangeline Lilly, Walton Goggins, Michael Douglas, Hannah John-Kamen, Judy Greer, Michelle Pfeiffer, Michael Peña og Laurence Fishburne **Leikstjórn:** Peyton Reed  
**Útgefandi:** Síminn og Vodafone

15. nóvember



Dr. Hank Pym, sem Michael Douglas leikur hér á ný, en hann er sá sem fann upp tæknina á bak við búninga Ant-Man og The Wasp.

### Veistu svarið?

Evangeline Lilly, sem hér leikur Hope Lang á ný en bætist jafnframt í ofurhetjuhóp Marvel þegar faðir hennar, Hank Pym, smíðar handa henni samskonar búning og Ant-Man klæðist, sló í gegn í geysivinsælum sjónvarpsþáttum árið 2004. Hvaða þáttum?



Pau Hope van Dyne og Scott Lang (Evangeline Lilly og Paul Rudd) eru óstöðvandi þegar þau eru komin í búningana sem breyta þeim í The Wasp og Ant-Man og gæða þau ofurkröftum og ofurhæfileikum.

## Punktur .....

★★★★ - *The Guardian* ★★★★★ - *Verge* ★★★★★ - *Telegraph*  
★★★★ - *CineVue* ★★★★★ - *L.A. Times* ★★★★★ - *N.Y. Times*  
★★★★ - *Total Film* ★★★★★ - *Vanity Fair* ★★★★★ - *Screen*  
★★★★ - *Variety* ★★1/2 - *R.Ebert.com* ★★★★★ - *R. Stone*

- Eins og í fyrri Marvel-myndum kemur hinn rúmlega níræði en alltaf stálhressi Stan Lee fram í feluhlutverki í *Ant-Man and the Wasp*.
- Ekki slökkva strax eftir að kreditlistinn byrjar að rúlla því það er eitt atriði eftir sem margir misstu af í bíó þegar þeir fóru of snemma út.



Eins og allir vita getur Ant-Man smækkað sig niður í skordýrastærð en hann getur líka stækkað sig þegar á þarf að halda.



## Skyscraper

Spennumynd / Hasar



**Aðalhlutverk:** Dwayne Johnson, Neve Campbell, Roland Møller, Chin Han, Pablo Schreiber, Noah Taylor, Hannah Quinlivan, Kevin Rankin og Matt O'Leary **Leikstjórn:** Rawson Marshall Thurber  
**Útgefendur:** Myndform (DVD) og Vodafone (VOD)

15. nóvember



Neve Campbell leikur eiginkonu Wills Sawyer sem ásamt tveimur börnum þeirra króast af uppi í turninum þegar eldurinn brýst út.

### Veistu svarið?

Neve Campbell hefur verið sjaldséð á hvíta tjaldinu að undanfögnu en hún á 27 ára leikferil að baki og má segja að stjarna hennar hafi risið hæst árið 1996 þegar hún lék Sidney Prescott í frægri mynd sem gat svo af sér þrjár framhaldsmyndir. Hvaða mynd?



SCREAM

## Ekki líta niður

Þegar árás er gerð á hæstu byggingu heims í Hong Kong og skæður eldur brýst út ofarlega í henni er yfirmanni öryggismála í turninum og fyrrverandi sérsveitarmanninum Will Sawyer kennt um. Blásaklaus af verknaðinum lendir Will nú í kapphlaupi við að hreinsa nafn sitt en það sem er enn mikilvægara fyrir hann er að bjarga eiginkonu sinni og tveimur börnum sem eru afkröuð í turninum - fyrir ofan eldhafið.

*Skyscraper* er önnur myndin sem þeir Dwayne Johnson og leikstjórninn og handritshöfundurinn Rawson Marshall Thurber gera saman en sú fyrri var *Central Intelligence* sem var frumsýnd 2016. Þar voru þeir í gríngírnum sem einkennt hefur myndir Rawsons, t.d. *We're the Millers* og *Dodgeball: A True Underdog Story*, en í þetta sinn er heldur betur annað uppi á teningnum því hér er hasarinn í fyrirrúmi.

Eftir að Will Sawyer er sakaður um að bera ábyrgð á árásinni á turninn þarf hann í fyrsta lagi að komast undan lögreglunni og í öðru lagi upp á efri hæðir turnsins þar sem fjölskylda hans er innikróuð. Til þess þarf hann ekki bara að komast í gegnum eldhafið heldur líka í gegnum hóp hryðjuverkamanna sem gerðu árásina. Og þótt honum takist það eru erfiðleikarnir rétt að byrja því þá er eftir að komast aftur niður ásamt eiginkonunni og börnunum tveimur ...



Skýjakljúfurinn þar sem atburðir myndarinnar gerast að mestu er engin smásmíði heldur hæsta bygging í heimi og teygir sig í 1.066 metra hæð.

## Punktur .....

★★★★1/2 - *Wrap* ★★★★★ - *IGN* ★★★★★ - *Wall Street Journal* ★★★★★ - *Time* ★★★★★1/2 - *L.A. Times* ★★★★★1/2 - *N.Y. Magazine* ★★★★★1/2 - *Variety* ★★★★★1/2 - *Vanity Fair* ★★★ - *N.Y. Times*

• Skýjakljúfurinn sem Will Sawyer þarf að klífa í *Skyscraper* nefnist Perlan vegna „perlunnar“ á toppi hans sem sést á myndinni hér fyrir ofan, en hún á eftir að koma talsvert við sögu í atburðarásinni.



Danski leikarinn Roland Møller leikur einn þeirra sem bera ábyrgð á árásinni á turninn. En hvað gengur honum og mönnum hans til?

## Að duga eða drepast

Þeir sem kunna að meta harðkjarna bardaga- og hasarmyndir ættu að kunna að meta *Mile 22* eftir Peter Berg (*Patriots Day*, *Deepwater Horizon*, *Lone Survivor*, *Battleship*, *Hancock*) með Mark Wahlberg í aðalhlutverki en hér er um að ræða eina hröðustu mynd ársins, þar sem hvergi er slakað á frá byrjun til enda.

*Mile 22* segir frá sersveitarmanninum James Silva (Mark Wahlberg) sem fær það erfiða og vandasama verkefni að smygla asískum lögreglumanni úr landi sínu, en sá hafði leitað til bandaríska sendiráðsins um vernd þar sem hann býr yfir leynilegum upplýsingum sem tengjast eiturvopnaframleiðslu og höfðu aflað honum dauðadóms hjá eigin stjórnvöldum. Verkefnið virðist nánast óframkvæmanlegt því sendiráðið er umkringgt þungvopnuðum farartækjum og mönnum sem hefur verið fyrirskipað að fanga eða drepa flóttamanninn um leið og hann reynir að yfirgefa það. En James leggur samt í hann ásamt sínu fólki og veit sem er að til að flóttaaðgerðin heppnist má hann ekki gera ein einustu mistök ...



## Mile 22

Spenna / Hasar



**Aðalhlutverk:** Mark Wahlberg, Iko Uwais, Ronda Rousey, Lauren Cohan, John Malkovich, Terry Kinney, Sam Medina og Poorna Jagannathan **Leikstjórn:** Peter Berg **Útgefandi:** Myndform

15. nóvember



Asíski flóttamaðurinn sem James þarf að smygla úr landi er leikinn af einum besta bardagalistamanni heims um þessar mundir, Iko Uwais.

### Veistu svarið?

John Malkovich, sem leikur stórt hlutverk í *Mile 22*, á fjörtíu ára leiklistarafmæli á þessu ári en hann birtist fyrst í bíómyndinni *A Wedding* eftir Robert Altman árið 1978. En frá hvaða Evrópulandi var faðir hans og öll hans föðurfjölskylda?



Kristín



Mark Wahlberg leikur hinn glerharða leyniþjónustumann James Silva sem er sérfræðingur í að framkvæma erfiðustu verkefni.

## Punktur .....

★★★★1/2 - *R.Views* ★★★★★1/2 - *Boston Globe* ★★★★★1/2 - *S. Times* ★★★★★1/2 - *Film Stage* ★★★★★ - *RogerEbert.com* ★★★★★ - *Variety*

• *Mile 22* er fjórða myndin eftir Peter Berg sem Mark Wahlberg leikur aðalhlutverkið í en þeir eru einnig aðalframleiðendur hennar ásamt Stephen Levinson sem m.a. framleiddi *Entourage*- og *Boardwalk Empire*-þættina. Þess má geta að þegar hefur verið ákveðið að gera aðra mynd um ævintýri James Silva, en hlutverk hans var skrifað sérstaklega með Mark Wahlberg í huga og eftir hans höfði.



Bardagalistakonan og hnefaleikameistarinn Ronda Rousey fer hér með sitt stærsta hlutverk í bíómynd til þessa en hún hefur áður leikið í myndunum *The Expendables 3*, *Fast & Furious 7* og *Entourage*.





## The Equalizer 2

Spenna / Hasar



**Aðalhlutverk:** Denzel Washington, Pedro Pascal, Bill Pullman, Melissa Leo, Sakina Jaffrey, Jonathan Scarfe, Orson Bean and Caroline Day  
**Leikstjórn:** Antoine Fuqua **Útgefandi:** Sena

15. nóvember



Fyrir utan Robert McCall snúa tvær persónur úr fyrri myndinni aftur, þ.e. Brian sem Bill Pullman leikur og Susan sem Melissa Leo leikur, en hún er sú eina sem þekkir fortíð Roberts jafn vel og hann sjálfur.

### Veistu svarið?

Denzel Washington, sem fagnar um þessar mundir fjörutíu ára leikafmæli, hefur níu sinnum verið tilnefndur til Golden Globe- og Óskarsverðlauna, síðast fyrir mynd sem kom einmitt á VOD-leigurnar í apríl síðastliðnum. Hvaða mynd var það?



Roman J. Israel, Esq.

## Í þetta sinn er það persónulegt

Robert McCall heldur áfram að útteila sínu eigin réttlæti til þeirra sem gerast sekir um glæpi gegn samborgurum hans og hika ekki við að senda þá yfir móðuna miklu ef þeir sýna mótþróa. Þegar góð vinkona hans er myrt kemur því ekkert annað til greina en að finna þá seku og láta þá gjalda fyrir þá gjörð.

Eftirlætisleikari margra kvikmyndaunnenda, Denzel Washington, snýr aftur á sjónvarpsleigurnar 15. júní sem hinn eittíu Robert McCall, en hann er eins og flestir vita nokkurs konar eins manns rannsóknarteymi og dómstóll – og aftökusveit ef því er að skipta.

Í upphafi þessarar nýju sögu fylgjumst við með Robert takast á við mannræningja í Tyrklandi áður en hann fær þær hörmulegu fréttir að nán vinkona hans hafi verið myrt í árás sem engar haldbærar skýringar eru á í fyrstu. Robert einhendir sér auðvitað þegar í málið, staðráðinn í að uppgötva ástæður árásarinnar og finna þá seku ...



Robert McCall er ekki vanur að sýna glæpamönnum neina miskunn og út af þeirri venju bregður hann síður en svo í þessari mynd.

## Punktar .....

★★★★1/2 - ReelViews ★★★★★1/2 - Chicago Sun-Times

★★★★1/2 - Wrap ★★★★★1/2 - N.Y. Times ★★★★★1/2 - L.A. Times

★★★★ - IGN ★★★★★ - Telegraph ★★★★★ - Empire ★★★★★ - Time Out

- *The Equalizer 2* er fyrsta framhaldsmyndin sem leikstjórinn Antoine Fuqua gerir og sú fyrsta sem Denzel Washington leikur í á ferlinum.
- Þetta er í fjórða sinn sem Denzel Washington leikur í mynd eftir Antoine Fuqua því fyrir utan fyrri *Equalizer*-myndina lék hann líka í myndum hans *Training Day* og *The Magnificent Seven*.
- Sagan í myndinni hefst í Ístanbúl en gerist annars að mestu leyti í heimaborg Roberts McCall, Boston, og í nágrenni hennar.



Þótt Robert McCall hafi sagt skilið við lögreglustarfið nýtir hann enn skjöldinn til að komast á vettvang glæpanna sem hann rannsakar.



## A Bad Moms Christmas

Gamanmynd



**Aðalhlutverk:** Mila Kunis, Kristen Bell, Kathryn Hahn, Cheryl Hines, Susan Sarandon, Christine Baranski, Justin Hartley, David Walton og Jay Hernandez **Leikstjórn:** Jon Lucas og Scott Moore  
**Útgefandi:** Myndform

15. nóvember



### Veistu svarið?

Höfundar *Bad Moms*-myndanna, Scott Moore og Jon Lucas, eiga sem handritshöfundar að baki nokkrar góðar myndir, þar á meðal handrit fyrstu myndarinnar í þekktum grín-þríleik, en hún varð gríðarlega vinsæl árið 2009. Hvaða mynd var það?



The Hangover

## Dálítið kæruleysi getur ekki skaðað

Jólin nálgast með öllu sínu umstangi og undirbúningi sem eins og margir vita, ekki síst mömmur, getur gert fólk gráhætt af stressi enda er krafan sú að ekkert megi gleymast og allt þurfi að vera í toppstandi og skipulagt þegar hátíðin gengur í garð. En hvað gerist ef þær Amy, Kiki og Carla ákveða að brjóta hefðina og slá alvörundi upp í mátulegt kæruleysi?

Það muna sjálfsgagt allir eftir myndinni *Bad Moms* sem var frumsýnd í ágúst 2016 og gerði það gott í kvikmyndahúsum heimsins, enda bráðskemmtileg. Þegar upp var staðið hafði hún náð þvítíkum vinsældum að það lá í loftinu að framhaldsmynd yrði gerð um hin kostulegu uppátæki mæðranna þriggja, Amyar, Kiki og Cörlu.

Eftir litlu einkauppreisnina sem vinkonurnar þrjár stóðu fyrir í síðustu mynd gegn kröfunum sem samfélagið gerir til mæðra um að þær standi sig í stykkinu eru að koma jól. Álagið eykst smám saman með tilheyrandi stressi og að því kemur að þær stöllu ákveða að slá hlutunum upp í mátulegt kæruleysi á ný og slaka á spennunni. En þá ákveða mæður þeirra (Susan Sarandon, Cheryl Hines og Christine Baranski) að koma í heimsókn og þar sem þær eru af gamla skólunum hafa þær misjafnar skoðanir á uppátækjum dætranna ...



Eins og í fyrri myndinni eru það þær Kathryn Hahn, Mila Kunis og Kristen Bell sem leika vinkonurnar Cörlu, Amy og Kiki.

## Punktur .....

★★★★ - E.W. ★★★★★ - ReelViews ★★★★★ - Variety ★★★★★ - IGN

- Leikstjórar myndarinnar og handritshöfundar, Jon Lucas og Scott Moore, eru þeir sömu og gerðu fyrri myndina.
- Þetta er í fyrsta sinn sem Mila Kunis leikur í framhaldsmynd.



Móðir Kikiar (Cheryl Hines) hefur eins og mæður þeirra Cörlu og Amyar sínar eigin bjargföstu skoðanir á því hvernig jólin eiga að vera.



VOD L 87 min

**Aðalhlutv.:** Sam Ashe Arnold, Elizabeth Hurley og Tertius Meintjes **Leikstjórn:** Richard Boddington **Útg.:** Sena

**Fjölskyldumynd 15. nóvember**



Hinn ungi Phoenix Wilder vingast fljótlega við nokkra fíla og ævintýrið hefst!

### Heftin á sér tvö andlit

**Frank er maður sem við fyrstu sýn virðist hafa góð tók á tilveru sinni. Hann er kvæntur góðri konu, er í góðri og vel borgaðri vinnu og virðist sáttur við allt og alla. En á bak við þessa framhlið býr annar og stórhættulegur maður.**

*Bad Frank* er afar áhugaverð mynd sem hefur hlotið fjölmörg verðlaun og viðurkenningar á kvikmyndahátíðum sem heiðra óháða kvikmyndagerð sjálfstæðra kvikmyndagerðarmanna. Myndin er um Frank Pierce og við komumst fljótlega að því að hann á ofbeldisfullan glæpaferil að baki sem m.a. rústaði sambandi hans við fjölskyldu sína. Með aðstoð sálfræðinga og lyfja hefur honum nú tekist að halda aftur af glæpa- og ofbeldishneigð sinni um nokkurt skeið og hefur á þeim tíma tekist að koma fótunum undir sig.


En þótt Frank hafi sagt skilið við fortíð sína hefur fortíðin ekki sagt skilið við hann og þegar hún bankar á dyrnar missir hann gjörsamlega stjórn á sér með alvarlegum afleiðingum ...

### Punktur .....

- *Bad Frank* er fyrsta mynd leikstjórans og handritshöfundarins Tonys Germinario og þykir honum hafa tekist afbragðsvel til, ekki síst með tilliti til að myndina gerði hann fyrir 80 þúsund dollara. Þess utan þykir myndin afar vel leikin, ekki síst af Tom Sizemore sem sýnir úr hverju hann er gerður.



Kevin Interdonato leikur titilhlutverkið í myndinni, hinn óútreiknanlega Frank.



VOD 16 103 min

**Aðalhlutv.:** Kevin Interdonato, Tom Sizemore og Amanda Clayton **Leikstjórn:** Tony Germinario **Útgef.:** Myndform

**Spenna/tryllir 16. nóvember**



**Aðalhlutverk:** Christian McKay, Dakota Blue Richards og Miles Jupp **Leikstjörn:** Tony Britten **Útgefandi:** Myndform

**Gamanmynd** **16. nóvember**

## Góð ráð eru ekki alltaf svo dýr

Fjórir kunningjar sem um árabil hafa vanið komur sínar á hverfiskrána til að spila dóminó ákveða að bjarga kránni frá gjaldþroti með því að skrifa bók í anda *Fimmtíu grárra skugga-bókanna*. Bókin slær í gegn en um leið verður til nýtt vandamál ... því enginn þeirra vill leggja nafn sitt við söguna.

Hér er á ferðinni lauffléttur enskur húmor sem margir ættu að kunna vel að meta. Ástæðan fyrir því að félagarnir fjórir vilja alls ekki láta bendla sig við þetta „konuklám“ eins og þeir sjálfir nefna sögu sína er orðspor þeirra á öðrum vettvangi. Og þegar útgefandinn heimtar að fá að hitta höfundinn detta þeir niður á þá lausn að ráða tímabundið unga leikkonu til að leika hann. Málin vandast hins vegar verulega þegar bókin slær í gegn og byrjar að seljast í miklu meira magni en nokkurn gat óráð fyrir með þeim afleiðingum að kvikmyndarísar í Hollywood fá áhuga ...



Félagarnir fjórir, David, Justin, Marcus og Geoffrey ákveða að skrifa bók til að bjarga upphaldskránni sinni frá gjaldþroti. Brellan heppnast, en með óvæntum afleiðingum.



**Aðalhl.:** Hilary Swank, Michael Shannon, Robert Forster og Blythe Danner **Leikstjörn:** Elizabeth Chomko **Útg.:** Sena

**Drama** **22. nóvember**

## Lífið er ferðalag

Þegar Ruth, sem er með Alzheimer-sjúkdóminn, hverfur á náttkjólnum einum fata út í kalda Chicago-nóttina og finnst síðan nokkrum klukkustundum síðar á reiki um borgina ráðleggja læknar eiginmanni hennar, Burt, að koma henni fyrir á viðeigandi sjúkrahúsi. Hann tekur það ekki í mál.

*What They Had* er fyrsta mynd leikstjórans og handritshöfundarins Elizabethar Chomko, en hún er að hluta til byggð á hennar eigin reynslu. Með aðalhlutverkin fer úrvalshópur leikara, þau Hilary Swank, Michael Shannon, Robert Forster, Blythe Danner, Taissa Farmiga og Josh Lucas, en hér er dregin upp trúverðug mynd af afleiðingum Alzheimer-sjúkdómsins, ekki síst fyrir þá sem standa næst sjúklingnum. Um leið er skyggst á bak við tjöldin í lífi barna þeirra Ruthar og Burts sem upplifa æsku sína og uppeldi hvort á sinn hátt. *What They Had* er gæðamynd fyrir alla kvikmyndaunnendur sem kunna að meta áhrifaríkar sögur af venjulegu fólki ...

## Punktur .....

★★★★1/2 - *N.Y. Magazine* ★★★★★1/2 - *L.A. Times* ★★★★★1/2 - *Observer*  
★★★★ - *Rolling Stone* ★★★★★ - *Wall Street Journal* ★★★★★1/2 - *Variety*

• *What They Had* fór í almenna dreifingu í kvikmyndahúsum í Bandaríkjunum 19. október og hefur hlotið mjög góða dóma virtra gagnrýnenda, ekki síst fyrir handrit og leikstjórna Elizabethar Chomko svo og fyrir gæðaleik alls leikhópsins. Myndin, sem þykir jafn myndin og hún er áhrifarík og sönn, er ein af þessum myndum sem sitja eftir í minningu áhorfenda löngu eftir að þeim lýkur og það kæmi ekki á óvart ef hún yrði ofarlega á listum marga yfir bestu myndir ársins 2018.



Blythe Danner og Hilary Swank leika mæðgurnar Ruth og Bridget í *What They Had*.



Höfundur: James D. Stern Útgefandi: Sena

Heimildarmynd

22. nóvember

### Hvað gerðist?

Þeir voru margir sem trúðu ekki að Donald J. Trump yrði kosinn forseti Bandaríkjanna árið 2016 og því vöknudu margir upp við vandan draum þegar það gerðist. Einn þeirra var kvikmyndagerðarmaðurinn James D. Stern sem ákvað að fara í ferðalag um „rauðu ríkin“ og tala við kjósendur Trumps um hvað það var sem réð atkvæðum þeirra á kjörstöðunum.

Þótt James D. Stern sé yfirlýstur demókrati og mótfallinn ríkisstjórn Trumps reyndi hann að gæta hlutleysis í þessari mynd því honum lék fyrst og fremst forvitni á að vita hvað það var við Trump og stefnu hans sem höfðaði svo sterkt til fólks í lykiloríkjunum að hann náði kosningu í embættið. Segja má því að í myndinni sé athyglinni fyrst og fremst beint að sjónarmiðum kjósenda Trumps ...

### Punktur .....

★★★★1/2 - RogerEbert.com ★★★★★1/2 - Movie Nation ★★★ - Wrap  
 ★★★ - The New York Times ★★★ - Los Angeles Times

- Höfundur myndarinnar, James D. Stern hefur fyrir utan nokkrar góðar heimildarmyndir eins og *Michael Jordan to the Max*, *The Year of the Yao* og *Every Little Step* verið mikilsvirtur framleiðandi bíómynda um árabil og gerði sem slíkur m.a. myndirnar *Snowden*, *Self/less*, *Homefront*, *Side Effects*, *Looper*, *Brothers Bloom* og *I'm Not There* svo einhverjar séu nefndar af mörgum.



Úr heimildarmyndinni *American Chaos*. Höfundur hennar, James D. Stern, stendur þarna fyrir miðju.

### Rétturinn til upplýsts samþykkis

Sannsöguleg mynd um Eleanor Riese (Helena Bonham Carter) sem var greind með geðklofa og aðrar geðraskanir en sætti sig ekki við að vera gefin lyf gegn vilja sínum og fékk til liðs við sig lögfræðinginn Colette Hughes (Hilary Swank) til að öðlast sjálfsákvörðunarrétt í þeim málum.

Fyrir árið 1988 giltu í Bandaríkjunum svonefnd Lanterman–Petris-lög sem heimiluðu yfirvöldum að ekki bara taka fólk úr umferð og loka það inni gegn sínum vilja ef viðkomandi var greindur með geðsjúkdóm heldur og að neyða sjúklingana til að taka inn geðlyf gegn sínum vilja. Í því hafði Eleanor Riese margoft lent og hélt því fram að mörg af þeim lyfjum sem neydd höfðu verið ofan í hana hefðu gert líf hennar verra. Með aðstoð lögfræðingsins Colette Hughes og lærimeistara hennar, Mort Cohen (Jeffrey Tambor), sagði hún þessum lögum stríð á hendur ...

### Punktur .....

- Leikstjóri *55 Steps* er danski leikstjórinn Bille August sem á margar góðar myndir að baki eins og *Pelle sigurveg-ara*, *Smilla les í snjóinn*, *Hús andanna*, *Næturlést til Lissabon*, *Zappa* og *Vesalingana* svo einhverjar séu nefndar.

- Í myndinni er farið nokkuð ítarlega yfir málareksturinn og hvetjum við áhugasama að kynna sér þetta merkilega prófmál enn betur á netinu, en það má finna undir heitinu *Riese v. St. Mary's Hospital and Medical Center*.



Aðalhlutv: Helena Bonham Carter, Hilary Swank og Jeffrey Tambor Leikstjórinn: Bille August Útgefandi: Sena

Sannsögulegt

22. nóvember



Jeffrey Tambor, Helena Bonham Carter og Hilary Swank í hlutverkum sínum í sannsögulegu myndinni *55 Steps*.



## Mamma Mia! Here We Go Again

Gamanmynd / Tónlist / Dans



**Aðalhlutverk:** Lily James, Meryl Streep, Amanda Seyfried, Pierce Brosnan, Andy Garcia, Colin Firth, Stellan Skarsgård, Julie Walters, Cher, Jeremy Irvine, Hugh Skinner og Josh Dylan **Leikstjórn:** Ol Parker **Útgefendur:** Myndform (BluRay og DVD) og Vodafone (VOD)

**22. nóvember**



Þeir Colin Firth, Stellan Skarsgård og Pierce Brosnan snúa aftur og eiga kannski eftir að aðstoða Sophie við að rifja upp gamla tíma.

### Veistu svarið?

Breska leikkonan Lily James hefur á skömmum tíma orðið að eftirlætisleikkonu margra enda einstaklega heillandi og virðist fara létt með að túlka hvaða persónur sem er. En hvað heitir síðasta myndin sem hún lék í og kom út á VOD-leigunum í í ágúst?



bókmennta- og kartflúbbukulefagil.

### Einu sinni var ...

Nokkur ár eru liðin síðan við kynntumst mæðgunum Donnu og Sophie, vinkonum Donnu og mönnum þremur sem gætu verið barnsfeður hennar. Nú hefur Sophie tekið við rekstri gistiheimilisins og þegar hún verður ófrísk fer hún að hugsa til þess hvernig aðstæðurnar voru árið 1979 þegar hún kom sjálf undir og móðir hennar var í svipuðum sporum og hún er í núna.

Það eru liðin nákvæmlega tíu ár síðan bíómyndin *Mamma Mia!* kom út við miklar vinsældir um allan heim enda einstaklega skemmtileg mynd í alla staði, fjörug, fyndin og byggð á lagatextum nokkurra af vinsælustu lögum sænsku hljómsveitarinnar ABBA.

Þessi nýja mynd þykir ekki síðri en hér snúa allir helstu leikararnir úr fyrri myndinni aftur auk nýrra sem leika persónur þeirra árið 1979 þegar Donna hitti þá Bill, Sam og Harry í fyrsta sinn og hóf rekstur gistiheimilisins sem Sophie átti eftir að alast upp í ...



Amanda Seyfried og Meryl Streep í hlutverkum mæðgnanna Sophie og Donnu, en Sophie gengur nú með sitt fyrsta barn undir belti.

### Punktur .....

★★★★1/2 - *Vanity Fair* ★★★★★ - *L.A. Times* ★★★★★ - *Telegraph* ★★★★★1/2 - *E.W.* ★★★★★1/2 - *N.Y. Post* ★★★★★1/2 - *Time* ★★★★★1/2 - *IGN* ★★★★★1/2 - *Variety* ★★★★★1/2 - *Screen int.* ★★★★★1/2 - *W. S. Journal*

- Bæði Benny Anderson og Björn Ulvaeus, B-in tvö í ABBA, koma fram í myndinni í smáhlutverkum, en þeir eru einnig meðframleiðendur hennar ásamt Richard Curtis sem kom einnig að handritskrifunum, en Richard gerði hinar frábæru myndir *Love Actually*, *The Boat that Rocked* og *About Time*, auk þess að skrifa handritin að myndunum vinsælu *Four Weddings and a Funeral* og *Notting Hill*.

- Cher leikur ömmu Sophie í myndinni, og þá móður Donnu, og er þetta fyrsta myndin sem hún leikur í síðan 2010. Hún syngur í myndinni eina þekktustu ballöðu ABBA, *Fernando*.



Það er Lily James sem leikur Donnu á sínum yngri árum og þær Alexa Davies og Jessica Keenan Wynn leika vinkonur hennar, Rosie og Tanyu.

Eini íslenski framleiðandinn sem framleiðir eingöngu úr íslensku grísakjötí

# Toppaðu pizzuna

með áleggjunum frá Stjörnugrís



Chorizo kemur frá Spáni. Ríkjandi bragðtegundir eru chili, reykt paprika og fennel.



Salami er dönsk tegund. Ríkjandi bragðtegundir eru hvítlaukur og pipar.



Calabrese kemur frá Suður-Ítalíu. Ríkjandi bragðtegundir eru paprika, tómatur, chili, laukur og anís.



Pepperoni kemur frá USA. Ríkjandi bragðtegundir eru chili, reykt paprika og fennel.



Romano kemur frá Norður-Ítalíu. Ríkjandi bragðtegundir eru hvítmygluostur, hnetta og pipar.

Hvort sem þú vilt toppa pizzuna eða fá réttu stemninguna á ostabakkann, þá eru áleggjin frá Stjörnugrís fullkomin hvar sem er.

Þú finnur áleggjin frá Stjörnugrís í öllum betri matvöruverslunum um land allt.



www.svinvirkar.is



Íslensk talsetning Útgefandi: Myndform

Teiknimynd

23. nóvember

### Allt er gott sem endar vel

Lífið er gott hjá hinum fjölbreytta dýrahóp sem býr á dýrabænum Grænuvöllum þar sem Nonni mús, Valdimar svín og Franz hani eru yfirleitt allt í öllu. En þegar Hörður villigöltur og gengi hans gera tilraun til að yfirtaka Grænuvelli og plata þá Nonna, Valdimar og Franz í langferð vandast málin.

Þessi mynd og viðburðaríka teiknimynd er byggð á teiknimyndasögum þýska rithöfundarins Helme Heine sem notið hafa ómældra vinsælda í heimalandinu og víðar um árabil. Þeir Nonni mús, Valdimar svín og Franz hani lenda hér í kröppum dansi þegar villigölturinn Hörður platar þá með því að festa heliublöðrur á hjólið þeirra þannig að þeir fljúga langt út í buskann. Á meðan ætlar Hörður að yfirtaka Grænuvelli og því verða vinirnir þrír að flýta sér aftur heim ...



### Punktur .....

- *Grænuvellir: Sjúklegt svínari* kemur út bæði á DVD og á sjónvarpsleigunum 23. nóvember. Hún er talsett á íslensku og á meðal þeirra sem tala fyrir persónur hennar eru Steinn Ármann Magnússon, Viktor Már Bjarnason, Einar Örn Einarsson, Ævar Örn Benediktsson, Sigríður Eyrún Friðriksdóttir, Álfrún Helga Örnólfsdóttir, Ólöf Kristín Þorsteinsdóttir, Agla Bríet Einarsdóttir, Orri Huginn Ágústsson, Sigurður Þór Óskarsson og Magnús Ólafsson, en leikstjóri talsetningarinnar var Tómas Freyr Hjaltason.



Þeir Franz hani, Nonni mús og Valdimar svín eru aðalpersónur þessarar skemmtilegu sögu.



Teiknimyndir um dráttarbátinn Elías og vini hans  
Íslensk talsetning Útgefandi: Myndform

Barnaefni

23. nóvember

### Elías bjargar málunum!

Norsku verðlaunateiknimyndirnar um björgunarbátinn Elías og vini hans eru allt í senn litríkar, myndnar, fræðandi og hæfilega spennandi fyrir yngri kynslóðir áhorfenda.

Þættirnir um ráðagóða björgunarbátinn Elías og vini hans, Trola, Kraneyju, Doppu, Kalla, Glæð og alla hina, voru fastir póstar í barnatímum sjónvarpsins á árum áður og nutu mikilla vinsælda bæði smáfólksins og hinna fullorðnu, enda afar vandaðir í alla staði með góðum og gagnlegum boðskap sem á alltaf við. Í þessari útgáfu er að finna þætti 9–16 í seríu 3.







**Aðalhl.:** Jade Ramsey, Louis Mandylor, Marc Crumpton og Rachel Breitag **Leikstj.:** Anthony Cohen **Útg.:** Myndform

**Gamanmynd**

**23. nóvember**

## Lífið í líkama konu

**Eddie Greenleaf er rithöfundur sem hefur útlitið með sér og notar það óspart til að komast í nán kynni við hitt kynið. Dag einn neitar hann að gefa gamalli, heimilislausri og hrörlegri konu koss og uppsker bölvun hennar með þeim afleiðingum að daginn eftir vaknar hann í konulíkama!**

*The Sex Trip* er farski þar sem hlutunum er heldur betur snúið við þegar rithöfundurinn Eddie, sem er einna þekktastur fyrir kvenhylli sína og hefur skrifað bók um hvernig karlmenn geti sængað hjá nýrri konu í hverri viku, vaknar morgun einn sjálfur sem kona! Til að byrja með er hann sannfærður um að gamla konan sem hann neitaði um kossinn beri ábyrgð á þessu en þegar hann finnur hana ekki til að láta breyta sér til baka í karlmanninn sem hann var neyðist hann til að sætta sig við orðinn hlut með öllum þeim glænýju vandamálum sem því fylgja ...



Nokkrar þeirra persóna sem koma mest við sögu í *The Sex Trip*.



**Aðalhlutv:** Reza Sixo Safai, Helena Mattsson, Julian Sands og Laura Haring **Leikstjórn:** Daniel Grove **Útg.:** Myndform

**Spenna/hasar**

**23. nóvember**

## Paradís er ekki hér

**Eftir að hafa verið ranglega sakaður um að stela eiturlyfjum frá fyrrverandi vinnuveitanda sínum þarf hinn íranski Behrouz að sanna sakleysi sitt með því að hafa uppi á hinum raunverulegu ræningjum og endurheimta fenginn.**


*The Persian Connection* gerist í undirheimum Los Angeles þar sem íranskar og rússneskar glæpamafjur berjast um völdin. Við komumst samt fyrst að því að aðalpersónan, Behrouz, hafði sem ungur drengur verið sendur í stríðið gegn Írökum þar sem honum var naumlega bjargað frá dauða af írönskum glæpaforingja. Hann var síðan sendur til Los Angeles þar sem honum var gert að vinna fyrir írönsku mafíuna, m.a. við „aftökur“ á óvinum hennar. Honum hafði samt tekist um síðir að losna undan áhrifum mafíunnar og þegar myndin byrjar er hann að reyna að koma undir sig fótunum í heiðarlegri vinnu þegar honum er skyndilega kipt aftur til fortíðar sinnar og hótað öllu illu finni hann ekki hin stolnu eiturlyf. Inn í málin blandast svo unnusta Behrouz og ungur drengur sem gefa honum meiri og betri ástæðu en nokkurn tíma fyrir til að losna við óværu fortíðar sinnar af bakinu í eitt skipti fyrir öll ...

## Punktur .....

- Handrit myndarinnar og kraftmikil sagan í henni er skrifuð af leikstjóranum Daniel Grove og aðal-leikaranum Reza Sixo Safai í sameiningu.



Reza Sixo Safai og Helena Mattsson leika Behrouz og unnustu hans, hina rússnesku Oksönu.



## Sum tækifæri koma aftur

Charlie Castillo er New York-búi sem starfar sem barþjónn en dreymir um að gefa út sína eigin reynslubók um hvernig menn eins og hann fara að því að komast yfir sára ástarsorg. Í þeim efnum hefur hann reynslu því eina konan sem hann hefur nokkurn tíma elskað, Pam, yfirgaf hann fyrir þremur árum án þess að gefa upp nokkra ástæðu fyrir því. Dag einn hittast þau á ný.

*Me You and Five Bucks* er eftir Jaime Zevallos sem jafnframt skrifaði handritið og leikur aðalhlutverkið, New York-búann Charlie sem hefur aldrei skilið hvers vegna unnusta hans, Pam, ákvað að yfirgefa hann skyndilega fyrir þremur árum. Þegar hér er komið sögu er Charlie frekar blankur og ákveður því að auglýsa eftir einhverjum til að deila íbúðinni sem hann leigir með. Hann verður ekki lítið hissa þegar fyrsta persónan sem kemur að skoða íbúðina er engin önnur en Pam ...




Jaime Zevallos og Angela Sarafyan leika þau Charlie og Pam sem hittast á ný, þremur árum eftir að hún hryggbraut hann óvænt og orðalaust.



**Aðalhlutv:** Jaime Zevallos, Angela Sarafyan, Sean Nateghi og Tobi Gadison **Leikstj.**: Jaime Zevallos **Útg.:** Myndform

**Drama/rómantik**

**23. nóvember**



## Fyrstu skrefin til heimsfrægðar

**Leikin heimildarmynd eftir Guy Guido þar sem fjallað er um hljómsveitina The Breakfast Club í upphafi níunda áratugarins þegar Madonna var einn af meðlimum hennar og dró enga dul á þá áætlun sína að verða heimsfræg.**

Í þessari merkilegu mynd er farin sú leið að blanda saman leiknum atriðum og viðtölum við þá sem voru í The Breakfast Club með Madonna á sínum tíma, en hljómsveitin samanstóð af þeim Angie Smit og Gilroy-bræðrunum Dan og Ed auk Madonna sem spilaði á trommur. Dan var á þessum tíma unnusti Madonna og kenndi henni m.a. fyrstu gítargripin. Sveitin, sem var stofnuð 1979 og átti síðar, þ.e. árið 1987, eftir að ná nokkrum vinsældum, m.a. með smellinum *Right on Track*, spilaði víða í New York á árinu 1980 án teljandi árangurs og svo fór að Madonna yfirgaf hana til að stofna hljómsveitina Emmy and the Emmys ásamt Mark Frazier. Skömmu síðar, eða árið 1983, sló Madonna síðan í gegn með sinni fyrstu plötu ...



Sú sem leikur Madonna, Jamie Auld, er nánast tvífar söngdrottningarinnar.



**Aðalhlutv.:** Jamie Auld, Oscar Pavlo, Denisa Juhos og Jordan Loew **Leikstjórn:** Guy Guido **Útg.:** Myndform

**Leikin heimildarmynd**

**29. nóv.**



Láttu ekkert stöðva þig

Eftir að verkefni sem Ethan Hunt átti að sinna fer úrskeiðis lendir hann á milli steins og sleggju því um leið og hann þarf að stöðva ný áform hryðjuverkamanna um að sprengja þrjár kjarnorkusprengrur er honum ekki lengur treyst af eigin fólki.

Það þarf líklega ekki að hvetja neinn aðdáanda *Mission Impossible*-myndanna að sjá þessa sjöttu mynd seriunnar sem er að flestra dómi sú allra besta hingað til og alveg örugglega besta hasarmynd ársins. Ekkert hefur verið til sparað við gerð myndarinnar og Tom sjálfur sýnir úr hverju hann er gerður í hverju áhættuatriðinu á fætur öðru sem fá áhorfendur nánast til að súpa hveljur af spennu!



Tom Cruise leikur Ethan Hunt á ný í *Mission: Impossible - Fallout* og þau Simon Pegg, Rebecca Ferguson og Ving Rhames eru aldrei langt undan sem þau Benjamin „Benji“ Dunn, Ilsa Faust og Luther Stickell.

Mission: Impossible – Fallout

Spenna / Hasar



**Aðalhlutverk:** Tom Cruise, Henry Cavill, Ving Rhames, Simon Pegg, Rebecca Ferguson, Angela Bassett, Michelle Monaghan, Wes Bentley, Alec Baldwin og Sean Harris **Leikstjórn:** Christopher McQuarrie **Útgefandi:** Síminn og Vodafone

28. nóvember



Eitt af atriðum myndarinnar er æsilegur eltingarleikur um götur og stræti Parísar þar sem stór hluti myndarinnar var tekinn upp.

Punktur .....

- ★★★★★ - Empire ★★★★★ - Time Out ★★★★★ - Total Film
- ★★★★★ - IndieWire ★★★★★ - Telegraph ★★★★★ - E.W.
- ★★★★1/2 - Screen ★★★★★1/2 - Verge ★★★★★1/2 - Vanity F.
- ★★★★★ - Rolling Stone ★★★★★ - L.A. Times ★★★★★ - Variety

• Eins og sést á stjörnujökfinni hér fyrir ofan er óhætt að segja að *Fallout* hafi hlotið frábæra dóma. Gagnrýnandi breska kvikmynda-tímaritsins Empire skóf t.d. ekkert af því og sagði um myndina: „A combination of thrilling stunts, insane daring and clever writing make this a stunning piece of action cinema.“ *Fallout* er með meðal-einkunnina 8,6 á Metacritic, 8,0 á Imdb og 9,7 á Rotten Tomatoes.

• *Fallout* er sneisafull af frábærum hasar- og áhættuatriðum sem tók langan tíma að undirbúa og æfa. Eitt þeirra, svokallað HALO-atriði þar sem þeir Tom Cruise og Henry Cavill stökkva úr 25 þúsund feta hæð er tvímælalaust eitt það erfiðasta sem framkvæmt hefur verið.




Ethan Hunt hefur aldrei komist í hann krappari en í þessari mynd og eru áhættuatriðin fleiri og svakalegrí en nokkurn tíma áður.

Veistu svarið?

Fyrir utan Tom Cruise er Ving Rhames sá eini sem hefur leikið í öllum *Mission: Impossible*-myndunum sex, en segja má að Ving hafi fyrst vakið alþjóðlega athygli þegar hann lék Marsellus Wallace í einni frægustu og bestu mynd ársins 1994. Hvaða mynd?



Fulp Fiction



## Bangsi og dóttir nornarinnar

Teiknimynd



**Íslensk talsetning:** Rúnar Freyr Gíslason, Sigríður Eyrún Friðriksdóttir, Örn Árnason, Laddi, Steinn Ármann Magnússon, Viktor Már Bjarnason, Íris Tanja Flygenring, Albert Halldórsson, Hálf dán Matthíasson o.fl. **Leikstjórn:** Tómas Freyr Hjaltason

**Útgefandi:** Myndform

29. nóvember



## Sterkasti bangsi í heimi

Sögurnar um Bangsa, sterkasta björn í heimi, eru eftir sænska rithöfundinn og teiknarann Rune Andréasson og hafa notið mikilla vinsælda barna um árabil, bæði sem teiknimyndablöð og sem sjónvarpsþættir allt frá 1973. *Bangsi og dóttir nornarinnar* er önnur bíómyndin sem gerð er um ævintýri hans og er hún fyrst og fremst ætluð yngsta aldurshóp áhorfenda.

Bangsi er svona sterkur vegna þess að hann borðar stundum þrumuhunang sem amma hans útbýr handa honum. Það kemur sér vel þegar hann lendir í glímu við hinn gráðuga Krösus Sork sem í þetta sinn hefur komist á snoðir um gull undir stíflu nokkurri og ætlar sér núna að sprengja stífluna með vondum afleiðingum fyrir hin dýrin í skóginum. Bangsi er sá eini sem getur stöðvað þetta ráðabugg og því bregður Krösus á það ráð að fá dóttur nornar nokkurrar í lið með sér til að plata Bangsa í burtu á meðan hann nær í gullið. Þessa áætlun verður að stöðva og spurningin er hvort Bangsi átti sig í tæka tíð á blekkingunni sem hann er beittur ...





## Úlfhundurinn

Teiknimynd



**Íslensk talsetning:** Hjálmar Hjálmarsson, Þórhallur Sigurðsson, Álfrún Helga Örnólfsdóttir, Steinn Ármann Magnússon, Orri Huginn Ágústsson, Eyþór Ingi Gunnlaugsson, Hjalti Rúnar Jónsson og Elísabet Ormslev **Leikstjórn:** Tómas Freyr Hjaltason

**Útgefandi:** Sena

**29. nóvember**

## Hin sígilda saga í nýjum búningi

Úlfhundurinn er byggð á hinn sígildu sögu *White Fang* eftir Jack London, en hún kom út árið 1906 og hefur allar götur síðan notið mikilla vinsælda. Þetta er frábær saga sem gerist á tímum gullæðisins í Klondike í Alaska á árunum 1896–1899.

Sagan hefst reyndar áður en aðalsöguhetjan, úlfhundurinn White Fang, fæðist og við kynnumst aðstæðum foreldra hans á hinum harðbýlu og köldu slóðum. Gullfundurinn í Klondike hefur dregið að marga leitarmenn sem þurfa að flytja með sér mat og tæki og eiga í stöðugum átökum við úlfana. Þegar White Fang fæðist er hann hins vegar tekinn í fóstur af mönnum og verður því ákveðinn hlekkur á milli þeirra og villtu úlfanna – og nokkurs konar verndari beggja ...





## Er áhættan þess virði?

Hinn ungi eiturflyfjasi Youngblood Priest hefur grætt á tá og fingri á eiturflyfjamaðinum í Atlanta en er búinn að fá nóg af hættunum sem fylgja og hefur ákveðið að draga sig í hlé. En fyrst ætlar hann að sjá um einn díl enn.

Superfly gerist í hörðum heimi eiturflyfjaviðskipta í borginni Atlanta í Georgíu þar sem enginn er annars bróðir í leik og allt getur gerst, enda skipta milljónir dollara um hendur í þessum bransa á hverjum degi. En þótt ávinningurinn freisti margra er áhættan líka mikil því ekki bara er löggan aldrei langt undan heldur svífast flestir keppinautarnir einskis þegar biti af kökunni er annars vegar og loforða- og samningssvik eru engar nýjar fréttir. Þótt ungur sé að árum hefur Youngblood Priest náð ótrúlegum árangri í þessum heimi. En kemst hann lifandi frá honum?

## Punktur .....

★★★★1/2 - *Guardian* ★★★1/2 - *C. Sun-Times* ★★★1/2 - *Vanity Fair*  
 ★★★1/2 - *Globe and Mail* ★★★1/2 - *L.A. Times* ★★★1/2 - *The Wrap*

• Leikstjóri myndarinnar, hinn kanadíski Julien Christian Lutz sem kallar sig reyndar Director X, á langan feril að baki sem leikstjóri tónlistar-myndbanda og hefur m.a. starfað með tónlistarfólki eins og Drake, Jay Z, Kanye West, Justin Bieber, Usher, John Mayer, Korn, Aliciu Keys og mörgum öðrum frægum. Hann hefur einnig gert fjölda auglýsinga fyrir þekkt fyrirtæki og merki eins og Mercedes Benz, McDonald's, Ikea, Directv, Nintendo, Bacardi og Guinness og hlotið fjölda verðlauna fyrir verk sín.



Trevor Jackson leikur aðalpersónuna í myndinni, eiturflyfjasalann Youngblood Priest.



**Aðalhl.:** Trevor Jackson, Jason Mitchell, Lex Scott Davis og Michael K. Williams **Leikstj.:** Director X **Útgefandi:** Sena

Spenna/hasar

29. nóvember



## Hin fullkomna gjöf

Tom Jacobs er smekkaður sem hefur byggt upp eins manns fyrirtæki sem sérhæfir sig í að finna hinna fullkomnu gjöf fyrir þá sem viðskiptavinir hans elska. Málin vandast þegar hann tekur að sér að finna gjöf fyrir hina heilandi og skemmtilegu Jenny Stone og verður sjálfur ástfanginn af henni.

*The Perfect Christmas Present* er frá Hallmark og tilheyrir flokki tólf mynda sem fyrirtækið hefur valið sem „bestu jólamyndirnar“. Hér svífur bæði jólaandinn og rómantíkin yfir vötnum þegar við fylgjumst með vandræðum Toms sem verður yfir sig ástfanginn af unnustu viðskiptavinar síns, en sá hafði leitað til hans og beðið hann að finna hina fullkomnu jólagjöf fyrir hana. Til að geta gert það þarf Tom að kynnast unnustunni sem reynist vera hin heilandi Jenny Stone. Áður en varir er Tom orðinn ástfanginn af henni en eins og gefur að skilja eru ljón á veginum.




Sam Page og Tara Holt leika þau Tom og Jenny í *The Perfect Christmas Present*.



**Aðalhlutv.:** Sam Page, Tara Holt, Emily Peterson og Phillip Edward Van Lear **Leikstjórn:** Blair Hayes **Útg.:** Myndform

Rómantík

30. nóvember



**Aðalhlutv.:** Amanda McCann, Cassie Ramoska and Christine Hassay **Leikstjórn:** Adrienne Subia **Útgefandi:** Myndform

**Gamandrama**

**30. nóvember**

### Gerðu þitt besta

Þrjár vinkonur, Barkley, Emma og Rachel, sem búa í Los Angeles og eru allar komnar yfir þrítugt, finnst sem lífið hafi þotið fram hjá þeim. Dag einn ákveða þær að skilja áhyggjur sínar eftir í borginni og fara til Maryland til að ljúka við smíði seglbáts sem ein þeirra á en er nú á leiðinni á haugana.

Hér er á ferðinni stórskemmtileg gamanmynd sem er ekki gerð fyrir mikinn pening en er bara því mannglegri og fyndnari enda þykir hún frábærlega leikin af aðalleikkonunum þremur sem einnig skrifuðu handritið og söguna. Þær Barkley, Emma og Rachel eru bestu vinkonur sem líður öllum eins og þær hafi ratað inn í blindgötur með líf sitt enda hefur það þróast á allt annan hátt en þær hafði dreymt um. Þegar þær fréttu að seglbátur sem Emma hafði byrjað að smíða en aldrei lokið við sé á leið á haugana ákveða þær að fara saman á heimaslóðirnar, bjarga bátnum og koma honum á flot. En sú ferð verður upphafið að öðru og meira ...




Leikkonurnar þrjár sem leika þær Barkley, Emmu og Rachel, Cassie Ramoska, Christine Hassay og Amanda McCann, skrifuðu einnig handrit myndarinnar.

### Einum kennt, öðrum bent

Eric er ungur maður sem á við þann vanda að stríða að hann getur varla verið í návist dökkhærðra kvenna því þær minna hann svo illilega á stjúpmóður hans. Málin vandast verulega þegar hann verður ástfanginn af dökkhærðri konu, en þá ákveða æðri máttarvöld að senda honum aðstoð!

*Love Me True* er farsa- og fantasiukennd gamanmynd þar sem handritshöfundurinn og leikstjórnir Kirby Voss leikur sér að því að blanda saman hugarheimum hins unga Eric's á 21. öldinni og rússneska rithöfundarins Fjodors Dostojevskij sem skrifaði og gaf út margar frægar bækur á árunum 1846 til 1880, þar á meðal stórvirkin *Fávítann* og *Glæp og refsingu*, en sögur Fjodors fjölluðu flestar hverjar um fólk sem var á jaðri samfélagsins. Og hvernig sem það má annars vera, endurholdgast Fjodor skyndilega í íbúð Eric's, boðinn og búinn til að aðstoða hann í vandræðunum varðandi dökkhærðar konur. En Fjodor á líka ýmislegt ólært ...



**Aðalhlutv.:** Andrew Gude, William McGovern, Eric Roberts og Kaleigh Macchio **Leikstjórn:** Kirby Voss **Útg.:** Myndform

**Gamanmynd/farsi**

**30. nóvember**



Hinn endurborni Fjodor Dostojevskij og Eric eiga auðvitað lítið sameiginlegt, en það ætti ekki að koma í veg fyrir að þeir geti lært eitthvað hvor af öðrum.





20.11.2018

FORSALAN  
ER HAFIN

# BATTLEFIELD V

## — LEIKURINN —


Í Battlefield V fá leikmenn tækifæri á að setja sig inni eina stórbrotnustu orrustu allra tíma en serían fer aftur í ræturnar og tekur á atburðum seinni heimsstyrjaldarinnar. Leikurinn inniheldur öfluga netspilun þar sem leikmenn geta meðal annars spilað 64 manna Grand Operations eða bak í bak með félagunum í Combined Arms. Einnig inniheldur leikurinn magnaðan söguþráð sem birtist í svokölluðum War Stories. Battlefield V er stærsti og fullkomnasti Battlfield leikurinn hingað til þar sem leikmenn geta barist á óvæntum stöðum um heiminn og tekið þátt í stórbrotnum bardögum.

## — LEIKKERFI —

SEINNI HEIMSTYRJÖLDIN  
Birtist manni á hátt sem hefur aldrei sést áður í tölvuleik.

FULLKOMIN NETSPILUN  
Með bæði nýjum og klassískum spilunarmöguleikum.

DRAMATÍK OG HASAR  
Í söguþráð leiksins fá leikmenn tækifæri til að skyggast inn í æsispennandi sögur hermanna á hinum ýmsu vígstöðvum, t.a.m. í Noregi og Norður-Afríku.



FORSALAN ER HAFIN Á ELKO.IS | TRYGGÐU ÞÉR EINTAK | LENDIR 20. NÓVEMBER | VERÐ: 10.495 KR (PS4)

ELKO



## Just Dance 2019

Sem fyrr skarar *Just Dance*-serían fram úr og býður upp á endalaust fjör sem fólk á öllum aldri kann að meta. Glæný uppfærsla með nýjum lögum er þegar komin út og inniheldur ekki bara ótrúlega gott úrval af skemmtilegum danssmellum heldur ýmsar nýjungar sem bæði eldri og nýir leikmenn eiga eftir að kunna vel að meta.

Sláðu upp þínum eigin dansleik og bjóddu öllum sem þú þekkir upp í dansandi fjör.



**Tegund:** Dansleikur


**Kemur út á:** PS4, Xbox One, Nintendo Switch, Nintendo Wii U og Nintendo Wii

**PEGI aldurst.**: Leyfður öllum

**Útgáfudagur:** 23. október

**Framleiðandi:** Ubisoft



**Útgefandi:** Myndform



## Football Manager 2019

Í *Football Manager 2019* færð þú tækifæri til að taka við knattspyrnufélaginu sem þú elskar en leikurinn inniheldur fjölmarga nýja möguleika sem færa þig nær félaginu en nokkru sinni fyrr og gera hann enn raunverulegri en áður.

Í *Football Manager 2019* ert þú örlagavaldur liðsins þar sem þú ákveður taktíkina og leikstílinn. Þú kaupir og selur leikmenn og myndar þannig draumaliðið, tekur þátt á æfingum, þróar unga leikmenn og fínstillir liðið fyrir hvern leik. Á leikdegi stendur þú svo á hliðarlínunni og tekur ákvarðanir á meðan á leiknum stendur.



**Tegund:** Fótþoltaleikur

**Kemur út á:** PC

**PEGI aldurstakmark:** 3+

**Útgáfudagur:** 2. nóvember

**Framleiðandi:** Sega

**Útgefandi:** Sena



## Spyro Trilogy Reignited

Spyro er mættur aftur brennandi heitur að vanda. Pakkinn inniheldur 3 *Spyro*-leiki, en hver þeirra er einstakt ævintýri þar sem drekinn Spyro kveikir í stemmingunni.

Leikirnir hafa verið teknir í gegn og bjóða upp á betri gráfík, betri spilun og allt aukaefni sem til er fyrir þá. Þetta er pakki sem *Spyro*-aðdáendur mega ekki láta fram hjá sér fara.



**Tegund:** Ævintýraleikur  
**Kemur út á:** PS4  
**PEGI aldurstakmark:** 7+  
**Útgáfudagur:** 13. nóvember  
**Framleiðandi:** Activision  
**Útgefandi:** Sena

## Knowledge is Power: Decades

Hver verður fyrstur að klífa þekkingarpýramidann? Hver veit mest um síðustu fjóra áratugi og hver verður fljótastur að svara? Í þessum nýja PlayLink-leik frá Sony fá leikmenn tækifæri til að svara þúsundum skemmtilegra spurninga um allt milli himins og jarðar. Leiknum er stýrt með snjallsímum eða spjaldtölvum leikmanna.



**Tegund:** Spurningaleikur  
**Kemur út á:** PS4  
**PEGI aldurstakmark:** 3+  
**Útgáfudagur:** 14. nóvember  
**Framleiðandi:** Sony Interactive Entertainment Europe  
**Útgefandi:** Sena



## Chimparty

Skemmtilegur partíleikur þar sem allt að fjórir geta spilað saman í gegnum 18 mismunandi partíleiki sem fara fram á meira en 90 mismunandi borðum.

Leikmenn stýra leiknum með snjallsímanum sínum eða spjaldtölvunni. Hentu partíinu á næsta stig með þessum bráðfjöruga leik.



**Tegund:** Partíleikur  
**Kemur út á:** PS4  
**PEGI aldurstakmark:** 3+  
**Útgáfudagur:** 14. nóvember  
**Framleiðandi:** Sony Interactive Entertainment Europe  
**Útgefandi:** Sena



## The Golf Club 2019

Glænýr golfleikur frá 2K Sports. Leikurinn setur nýja raunveruleikastaðla og í honum eru fjölmargir PGA-vellir. Leikmenn þurfa að vinna sér inn rétt til að keppa á hinum ýmsu mótaröðum, en leikurinn skartar leyfi PGA TOUR og inniheldur fjölmargar keppnir þeirra.



**Tegund:** Golfleikur  
**Kemur út á:** PS4  
**PEGI aldurstakmark:** 3+  
**Útgáfudagur:** 16. nóvember  
**Framleiðandi:** 2K Sports  
**Útgefandi:** Sena



## Battlefield V

Í *Battlefield V* fá leikmenn tækifæri til að setja sig inn í eina stórbrotnustu orrustu allra tíma, en serían fer hér aftur í upphaflegu ræturnar og gerist í seinni heimsstyrjöldinni.

Leikurinn inniheldur öfluga netspilun þar sem leikmenn geta meðal annars spilað 64-manna Grand Operations eða bak í bak með félögunum í Combined Arms. Einnig inniheldur leikurinn magnaðan söguþráð sem birtist í svokölluðum War Stories. *Battlefield V* er stærsti og fullkomnasti *Battlefield*-leikurinn hingað til þar sem leikmenn geta barist á óvæntum stöðum um heiminn og tekið þátt í stórbrotnum bardögum og orrustum.



**Tegund:** Skotleikur

**Kemur út á:** PC, PS4 og Xbox One

**PEGI aldurstakmark:** 16+

**Útgáfudagur:** 20. nóvember

**Framleiðandi:** EA

**Útgefandi:** Sena

### Leikurinn inniheldur, m.a.:

- Seinni heimsstyrjöldina sem birtist á annan hátt en áður hefur sést í tölvuleik.
- Fullkomna netspilun með bæði nýjum og sígildum spilunarmöguleikum.
- Dramatík og hasar í gegnum söguþráð leiksins, en leikmenn fá hér tækifæri til að skygnast inn í fjölbreyttar sögur hermanna sem berjast á hinum ýmsu vígstöðvum, þ. á m. í Noregi og í Norður-Afríku.

